

# - LÖGREGLU - MAÐURINN

3. tbl - 2007

- LÖGREGLU -
MAÐURINN
3. tölublað - 23. árgangur 2007 - 61. blað



Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Sveinn I. Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Steinar Adolfsson
framkvæmdasjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri

Prófförk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is

www.ll.bsrb.is



# Efnisyfirlit



**Fagmaður eða fúskari** 4



**Ný og áhugaverð bók** 7



**Kynferðisbrot á netinu** 8

**Blóðferlagreining** 14



**ISR-Matrix-handtökutækni** 22

**Íþróttir** 24



**Valnefnd 10 ára** 30

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Skrifið stuttar greinar „það er skoðun undirritaðs"
- Ekki lengra en um 3.000 slög.
- Forðist skammstafanir
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs leyft sé þess getið hvaðan það er fengið.

# Formannshornið



*Breytingar eru öllum mönnum hollar. Nýbreytni á að vera hvati til framfara og framþróunar og er til þess fallin að koma í veg fyrir stöðnun. Þrátt fyrir að lögreglan sé í eðli sínu íhaldssöm stofnun er nauðsynlegt að hún fylgi tíðarandanum og þróun samfélagsins og sé á hverjum tíma fullfær um að sinna öllum þeim úrlausnarefnum sem henni eru falin.*
*Á þessu ári hefur lögreglan tekist á við veigamiklar breytingar með sameiningu lögregluembætta, breytingar sem snert hafa öll lögreglulið á landinu. Eins og með allar breytingar hefur sumt gengið vel en annað ekki eins vel. Það er líka jafnljóst að breytingarferli getur tekið tíma og öll áhrif breytinga koma ekki fram þegar á fyrsta degi.*
*Upphaflegar hugmyndir lögreglumanna um sameiningu lögregluliða gekk töluvert lengra en sú niðurstaða sem fengin var með fækkun lögregluliða úr 26 í 15. Ég held að með því skrefi séum við komin af stað á þróunarbraut sem ekki verði stöðvuð. Meta þarf jákvæðar afleiðingar breytinganna og skoða það af alvöru hvort rétt sé og eðlilegt að fækka lögregluembættum enn frekar og skilja alfarið á milli sýslumanna og lögreglustjóra.*
*Dómsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi heilstætt frumvarp um meðferð sakamála sem ætlunin er að komi í stað laga um meðferð opinberra mála. Í frumvarpinu er einnig að finna nýmæli varðandi fyrirkomulag ákæruvalds þar sem m.a. er gert ráð fyrir stofnun embættis héraðssaksóknara. Þetta frumvarp hefur töluverða þýðingu fyrir lögregluna, þá sérstaklega varðandi rannsókn sakamála og fyrirkomulag þeirra rannsókna, enda nauðsynlegt að náið samstarf sé milli ákæruvalds og lögreglu við rannsókn sakamála.*

*Ég vil að lokum þakka lögreglumönnum samstarfið á liðnu ári og óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.*

*Sveinn I. Magnússon,*
*formaður*

# Ritstjórapistill



*Nú líður að lokum ársins og þá er við hæfi að líta yfir farinn veg. Þetta ár hefur verið viðburðarríkt en ég hóf störf hjá LL í febrúar sl. Þessi tími hefur verið annasamur og margvísleg erindi hafa ratað inn í mitt borð, en fyrst og fremst hefur þetta þó verið mjög lærdómsríkur tími. Í kjölfar sameiningar embætta er að mörgu að hyggja enda um gríðarlega stórtæka breytingu að ræða. Starfsmannamál í víðu samhengi hafa skipað þar stóran sess enda ljóst að „ávinningur“ slíkra breytinga verður ekki til fyrr en að einhverjum árum liðnum. Það er alkunna að stjórnvöld virðast ekki reikna með að breytingar kosti neina fjármuni heldur er hagræðing eitthvert töfraorð sem allt á að leysa. Þegar launakostnaður er á bilinu 80-90 prósent rekstrarkostnaðar embættanna þá er ljóst að hagræðingin verður að stærstum hluta tekinn af þeim hlutanum og þá virðist gleymast að á bak við þennan „kostnaðarlið“ er lifandi fólk sem á tyllidögum er kallaður „mannauður“. Ákvarðanir stjórnenda vegna rekstrarforsenda stangast því gjarnan á við fræðilegar og skynsamar forsendur mannauðsstjórnunar og eftir stendur starfsfólkið og skilur hvorki upp né niður og byrjar að velta fyrir sér hvort rétt sé að staldra við og hugsa um sína stöðu. Svo stórfelldum breytingum hefði þurft að fylgja viðbótarfjármagn til að nýta að fullu sóknarfæri og mannauðinn svo unnt sé að sækja fram sameiginlega á svo mikilvægum vettvangi sem löggæsla er sem grunnstoð samfélagsins.*
*Framundan er stórt ár hjá Landssambandi lögreglumanna þar sem samið verður um kaup og kjör. Í þeirri vinnu þurfa lögreglumenn að ná fram breytingum á kjörum svo starfið verði metið að verðleikum. Það er von mín að lögreglumenn standi sameinaðir í þeirri baráttu og að til skiptanna verði nægjanlega stór hluti til að unnt sé að tryggja mannauðnum áframhaldandi veru á þessum vettvangi.*
*Gleðileg jól!*

AMERICAN STYLE
HB GRANDI
PARKET & GÓLF
GEVALIA
Það er kaffið



# Fagmaður *eða fi*

**Ég átti samtal við starfsmann tölvufyrirtækis um daginn þar sem mig vantaði aðstoð og aðgætti hvort hún væri fáanleg samdægurs eða hvort ég þyrfti að bíða. Þá spurði ég eðlilega hvað slíkt kostaði. Ég fékk svarið hratt og örugglega: Þú getur fengið nema, hann kostar 6.900 á tímann og getur komið í dag en ef þú vilt fagmann þá kemst hann ekki fyrr en seint í næstu viku og kostar 9.880 krónur á tímann.**

Í huganum hef ég verið að færa þetta yfir á stéttina mína. Þætti okkur það frambærilegt að svara í símann: Lögreglan, góðan daginn... Já, þú getur fengið ófaglærðan starfsmann strax en þú verður að bíða dálítið eftir menntuðum starfsmanni, það er ekki víst að hann komist í dag.

Undantekningin um afleysingamenn hefur verið misnotuð lengi. Upphaflega var hún sett sem algert undantekningarákvæði en í dag liggur við að löggæslan byggist sums staðar á afleysingafólki eða nemum í starfsþjálfun, að lokinni fyrstu önn Lögregluskóla ríkisins. Þrátt fyrir að það sé gott fólk hefur löggæsla breyst það mikið undanfarin ár að ekki verður unað við slíkt lengur. Í fyrirsögn vísa ég til slagorðs LL fyrir nokkrum árum og held að dusta ætti af því rykið.

Í samvinnu allra aðila, dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóra og skólans, hefur verið unnið af krafti að því að fylla stéttina menntuðum starfsmönnum. Þannig verður áttatíu og einn lögreglumaður útskrifaður á næsta ári ef allir ná prófi og í langtímaáætlun okkar til ársins 2011 leggjum við til að nægilega margir verði útskrifaðir á hverju ári svo stéttin verði einvörðungu



# úskari

skipuð menntuðum lögreglumönnum. Á síðustu haustönn fengust ekki nema 37 hæfir umsækjendur en ekki kom til greina að minnka kröfur til starfans og því urðu þeir ekki fleiri.

Við þurfum öll að leggjast á árarnar og losna undan því að ráða til starfa afleysingamenn sem ekki hafa lokið lögregluprófi. Það er öllum fyrir bestu. Það er útilokað að bjóða borgaranum lengur upp á slíka þjónustu, það er vanvirðing við hann og lögreglumennina sjálfa sem verða, eðlilega, óöruggir oft með fákunnandi félaga og sumum reyndum mönnum hefur verið nóg boðið og hafa fengið sér eitthvað annað að gera. Þannig hefur mikil reynsla tapast að undanförnu.

Menn gleyma því nefnilega að það er allt annað að vera afleysingamaður nú á dögum en áður þegar mun minna reyndi á þá, m.a. vegna þess að þeir unnu jafnan með reyndum mönnum í einfaldara umhverfi. Nú er borgaranum stöku sinnum boðið upp á ómenntaðan mann og annan til sem er e.t.v. í starfsþjálfun og jafnvel þekkjast þess dæmi, á ákveðnum tímum, að tveir ófaglærðir afleysingamenn séu saman í útkalli.

Að sjálfsögðu þarf að launa stéttina í samræmi við mikilvægi hennar en til þess að svo verði verður m.a. að rjúfa þennan vítahring.

Lögreglumenn geta ekki vænst þess að fá verulegar launahækkanir meðan ófaglærðir menn geta gengið í störf þeirra. Menn láta mikið af því að þetta sé mjög erfitt og hættulegt starf, sem það í rauninni er, en svo getur nánast hver sem uppfyllir almenn hæfisskilyrði komið í staðinn og jafnvel verið verulegur þáttur í löggæslu á sumum stöðum. Menn geta gleymt því að tala um nám á hærra stigi ef staðgenglar þeirra mega vera ómenntaðir. Þá er betra að hætta að tala um æðri menntun, erfitt starf o.s.frv. Þetta er þvílík þversögn að því verður ekki með orðum lýst.

Þessi vinnubrögð eru erfið fyrir alla. Það er m.a. erfitt fyrir Lögregluskólann sem þarf að prófa alla sem um þetta starf sækja. Í það fara þrjú til fjögur dagsverk hvert sinn og gildir nánast einu hve margir eru prófaðir í senn. Þetta er erfitt fyrir embættin sem þurfa að bíða eftir því að Lögregluskólinn hafi aðstöðu og/eða tíma til að sinna þörfum þeirra. Þetta er og erfitt fyrir neytendur og ekki síst fyrir fólkið sjálft sem er sett í miðja hringiðuna án þess að hafa nokkra kunnáttu eða þjálfun til þess að takast á við æ harðara og flóknara samfélag.

Á þessu ári var sótt um próf fyrir 79 afleysingamenn. Þrjátíu og fjórir mættu ekki og létu ekki af sér vita. Tuttugu og þrír stóðust próf og 22 féllu. Prófað var átta sinnum og í eitt skiptið mættu allir en árangur svo lélegur að einn af níu stóðst.

Vinnan sem í þetta fór jafngildir því að einn starfsmaður hafi ekki gert neitt annað í 32 daga, eða einn og hálfan mánuð, en sinna þessu starfi.

Á önnum köfnum vinnustað er þetta hlutfall allt of hátt. Þetta ár er hvorki betra né verra en önnur ár. Þannig hefur þetta verið undanfarið og jafnvel mun verra.

Þetta kostar embættin stórfé að senda fólk sem vonlaust er að nái prófi, borga ferðafé og annan kostnað.

Ég hvet til að allir þeir aðilar sem láta sér annt um lögregluna, vilja efla hana faglega og gera að enn traustsverðari stofnun leggist nú á allar árar og hætti ráðningum ófaglærðra afleysingamanna. Setjum okkur það markmið að árið 2010 verði með öllu óheimilt, eða þá með afar ströngum og sérstökum skilyrðum heimilt, að ráða ófaglærða til afleysinga. Á árinu 2008 verður 81 nemi útskrifaður og á tímabilinu 2008 til 2011 áætlum við að taka inn 176 lögreglumenn og ættum við þá að hafa náð því markmiði sem að er keppt og um hefur verið rætt.

Við stjórnendur embætta vil ég segja þetta: Ég skil vel að þið hafið þann metnað að sinna umbjóðendum ykkar eins vel og ég veit að þið hafið lagt margt á ykkur svo þannig geti orðið. Mér er vandinn ljós en þetta getur ekki verið svona til eilífðar.

***Gunnlaugur V. Snævarr,***
***yfirlögregluþjónn***

*Lögreglumenn geta ekki vænst þess að fá verulegar launahækkanir meðan ófaglærðir menn geta gengið í störf þeirra. Menn láta mikið af því að þetta sé mjög erfitt og hættulegt starf, sem það í rauninni er, en svo getur nánast hver sem uppfyllir almenn hæfisskilyrði komið í staðinn og jafnvel verið verulegur þáttur í löggæslu á sumum stöðum. Menn geta gleymt því að tala um nám á hærra stigi ef staðgenglar þeirra mega vera ómenntaðir. Þá er betra að hætta að tala um æðri menntun, erfitt starf o.s.frv. Þetta er þvílík þversögn að því verður ekki með orðum lýst.*




Kolaportið



Bergstaðir



Ráðhús Reykjavíkur



Vesturgata 7



Njóttu þess að koma í hlýjan bílinn í bílastæðahúsum borgarinnar.

Bílastæðahúsin á Laugavegi og Hverfisgötu eru opin 2 klst. lengur en verslanir í desember.

Á „Löngum fimmtudögum“ er opið til kl. 23. Frá 14. til 23. desember er opið til miðnættis og til kl. 13 á aðfangadag.

**Frítt í bílastæðahúsin á laugardögum!**

**Notaðu Stjörnuport og Traðarkot, stæði á besta stað í miðbænum!**

Aðeins 80 kr. fyrsti klukkutíminn, síðan 50 kr. eftir það hver klukkutími.

Traðarkot



Vitatorg



Stjörnuport

**NÝTT**



Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

PIPAR • SÍA • 72419



*Mynd úr frásögninni af líkfundarmálinu: Kafari vinnur við að koma líkinu fyrir í netagrind en búið er að setja það í líkpoka. (Ljósmynd: Tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu)*

# Ný og áhugaverð bók *um norræn sakamál*

**Nú er komin út 7. bókin í ritröðinni Norræn sakamál. Þessi bók er sérstök að því leyti að nær helmingur hennar eru frásagnir af íslenskum sakamálum og þau eru öll sérstök og áhugaverð. Mörg þeirra vöktu mikinn áhuga almennings og voru lengi á forsíðum dagblaða meðan þau voru í rannsókn. Þau höfðu líka áhrif á íslenskt samfélag og einstöku áhrifa þeirra gætir enn í dag, mörgum árum síðar.**

Þar má nefna málverkafölsunarmálið en afleiðingar þess hafa enn áhrif á verð íslenskra málverka á uppboðsmörkuðum að sögn kunnugra. Í bókinni er fjallað um fyrri hluta þess máls en seinni hlutinn verður væntanlega í næstu bók. Frásögnin um slysið á Viðeyjarsundi er sérstök og ógleymanleg og eftirmálar þess hafa nýlega verið á dagskrá fjölmiðla. Líkfundarmálið á Neskaupstað var forsíðuefni dagblaða í margar vikur, það komst einnig á síður erlendra blaða og enn er mjög áhugavert að lesa um það sem raunverulega gerðist.

Sveðjumálið í Garðabæ er frásögn af máli sem olli skjálfta í heilu bæjarfélagi og áhrif þess finnast enn í dag. Þetta mál er mjög sérstakt og sumir áttu erfitt með að trúa því að sakborningarnir yrðu í raun og veru dæmdir. Frásögnin um kynferðisbrot er nokkuð sem allir ættu að lesa því hún er ekki aðeins frásögn af sérstökum og áhugaverðum málum, heldur líka lýsing á þessum viðkvæma og erfiða málaflokki sem allir ættu að kynnast nánar.

Fíkniefni á Hólmsheiði er hugnæm frásögn af því hvað fíkniefnahundur er á margan hátt hæfileikaríkari en við sjálf. Hún segir líka frá því þegar byrjað var að nota fíkniefnahunda hér á landi og hvað starf lögreglumanns með slíkan leitarhund er á margan hátt frábrugðið störfum annarra lögreglumanna. Sagan „Allt í lagi, þið náðuð mér“ lýsir því vel að við Íslendingar erum ekki lengur afskekktir heldur í miðri hringiðu afbrota heimsins þótt við gerum okkur það ekki alltaf ljóst.

Auk þessara íslensku frásagna eru greinar um mál frá hinum Norðurlöndunum. Þær eru líka spennandi og margt hægt af þeim að læra. Það er tvímælalaust að frásagnirnar í þessari bók eru bæði áhugaverðar og lærdómsríkar og enginn ætti að láta þær ólesnar.

Þá er rétt að geta þess að með því að kaupa bókina Norræn sakamál eru menn að styrkja Íþróttasamband lögreglumanna og allir vita hvað það er nauðsynlegt að stuðla að því að lögreglumenn séu í góðri þjálfun, því slíkt eflir bæði andlegt og líkamlegt heilbrigði þeirra.

Ég er viss um það að enginn mun sjá eftir því að lesa þessa bók.

***Guðmundur Gígja, ritstjóri.***

*Í bókinni er fjallað um fyrri hluta þess máls en seinni hlutinn verður væntanlega í næstu bók. Frásögnin um slysið á Viðeyjarsundi er sérstök og ógleymanleg og eftirmálar þess hafa nýlega verið á dagskrá fjölmiðla. Líkfundarmálið á Neskaupstað var forsíðuefni dagblaða í margar vikur, það komst einnig á síður erlendra blaða og enn er mjög áhugavert að lesa um það sem raunverulega gerðist.*




# Samantekt á rannsókn
# *á kynferðisbrotum gegn börnu*

*Á Íslandi höfum við fram til þessa ekki stundað frumkvæðisrannsóknir í tengslum við þennan brotaflokk og erum við þar af leiðandi á byrjunarreit. Það var því afar athyglisvert að fá að sjá hvað verið er að gera í Bandaríkjunum og víðar*

**Kynferðisleg misnotkun á börnum getur tekið á sig margar myndir og má þar nefna barnavændi, ferðatengda barnakynlífsþjónustu og ólögmætt efni á Netinu. Þar sem vitund manna hefur aukist um tilvist þessara glæpa hefur lögregla aukið áherslu á rannsóknir sem leiða til þess að borin séu kennsl á framleiðendur, dreifendur og þá sem safna barnaklámi annars vegar og svo kynferðisbrotamenn sem hvetja til eða taka þátt í kynferðislegu athæfi gegn börnum hins vegar.**

Síðastliðinn áratug hafa ríki, alþjóðasamtök og stofnanir víðs vegar um heiminn beint aukinni athygli að þeim málaflokki kynferðisbrota er varðar dreifingu, vörslu og framleiðslu á barnaklámi og þá sérstaklega því sem byggir á net- og tölvunotkun.

Ég fékk það einstaka tækifæri að gegna tímabundinni þjónustu hjá FBI með þátttöku minni í alþjóðlegri teymisvinnu sem þar er yfirstandandi og tengist rannsóknum á kynferðisbrotum gegn börnum á Netinu. Þar fékk ég að fylgjast með og taka þátt í rannsóknum sem þar var verið að vinna að. Meðan á dvöl minni stóð voru haldin ýmis námskeið er tengjast þessum málaflokki, bæði grunnnámskeið fyrir rannsakendur þessara brota og svo hin ýmsu styttri námskeið og fékk ég að sækja þau. Rétt er að taka af allan vafa um það að ofangreind þjónusta fólst ekki í rannsóknum á kynferðisbrotum, samkvæmt hefðbundnum skilningi eða eiginlegri rannsóknarvinnu. Það sem um er að ræða eru frumkvæðisrannsóknir, til þess að reyna að finna barnaklám á Netinu og út frá því að reyna að finna fórnarlömbin, gerendur, neytendur o.s.frv.

Á Íslandi höfum við fram til þessa ekki stundað frumkvæðisrannsóknir í tengslum við þennan brotaflokk og erum við þar af leiðandi á byrjunarreit. Það var því afar athyglisvert að fá að sjá hvað verið er að gera í Bandaríkjunum og víðar, því þarna voru samankomnir fulltrúar frá öðrum löndum, svo sem Kanada, Úkraínu, Ástralíu og Panama. Hópurinn sem ég starfaði með nefnist “the Innocent Images International Task Force” en erfitt er að þýða þá nafngift og verður hér á eftir nefndur IIITF til einföldunar.

### *Aðdragandi hópsins IIITF*

Í tengslum við rannsókn FBI og lögreglu í Prince George’s-sýslu í Maryland, á hvarfi tveggja unglinga,



# um FBI

## m á netinu

árið 1993, handtóku rannsakendur tvo menn sem grunaðir voru um að hafa misnotað kynferðislega fjölda barna og unglinga, á 25 ára tímabili. Rannsókn á athæfi þeirra leiddi í ljós að tölvur voru notaðar með skipulögðum hætti við að senda klámfengnar myndir til barna með það fyrir augum að tæla þau til þátttöku í ólöglegu kynferðislegu athæfi. Frekari rannsóknir og viðræður við sérfræðinga frá bæði FBI og einkageiranum leiddu einnig í ljós að notkun á tölvum og samskipti á Netinu væru að aukast í miklum mæli og væru orðin einn útbreiddasti vettvangurinn fyrir kynferðisbrotamenn til að annars vegar ná sambandi við börn og unglinga og tæla þá til þátttöku í kynferðislegu athæfi og hins vegar notaður sem vettvangur til að dreifa/deila efninu. Í kjölfar þessa var “the Innocent Images National Initiative”, (hér eftir IINI), hrundið af stað árið 1995 til að takast á við þessi lögbrot og var um innanlandsátak að ræða eins og nafnið bendir til.

Þegar fram liðu stundir áttuðu menn sig á því að rannsóknir á kynferðisbrotum gegn börnum á Netinu, sérstaklega viðamiklar rannsóknir á vefsíðum sem selja barnaklám, náðu oftast til fleiri landa. Áhugi á einhvers konar samstarfi vaknaði og varð til þess að 6. október 2004 var sett á laggirnar alþjóðlega átaksteymið IIITF. Frá upphafi hafa á fjórða tug lögreglumanna frá eftirtöldum löndum og stofnunum víðs vegar að úr heiminum tekið þátt í teyminu: Bretlandi, Noregi, Finnlandi, Úkraínu, Hvíta-Rússlandi, Ástralíu, Tælandi, Filippseyjum, Króatíu, Lettlandi, Þýskalandi, Hollandi, Nýja-Sjálandi, Kanada, Svíþjóð, Fiji-eyjum, Kýpur, Europol og svo núna síðast, Íslandi.

Þeir lögreglumenn sem taka þátt í þessu samstarfi hafa mismunandi hlutverki að gegna, flestir vinna við yfirstandandi rannsóknir á netglæpum sem tengjast bæði þeirra heimalandi svo og Bandaríkjunum, en vera þeirra hér auðveldar mjög alla skilvirkni hvað varðar útvegun á stefnum frá bandarískum yfirvöldum til að krefja þarlenda netþjónustuaðila um upplýsingar um eigendur IP-talna. Aðrir koma hingað til að kynna sér rannsóknaraðferðir sem hér eru viðhafðar. Loks eru það lögreglumenn eins og ég, sem koma hingað til

*Frekari rannsóknir og viðræður við sérfræðinga frá bæði FBI og einkageiranum leiddu einnig í ljós að notkun á tölvum og samskipti á Netinu væru að aukast í miklum mæli og væru orðin einn útbreiddasti vettvangurinn fyrir kynferðisbrotamenn til að annars vegar ná sambandi við börn og unglinga og tæla þá til þátttöku í kynferðislegu athæfi og hins vegar notaður sem vettvangur til að dreifa/deila efninu.*




***Gná Guðjónsdóttir, lögreglufulltrúi í alþjóðadeild ríkislögreglustjóra er hér hjá Ncmec með teimur Task Force félögum frá Kanada og Úkaraínu.***



*Gná Guðjónsdóttir í heimsókn hjá FBI, með félögum úr Task Forcinu og tveimur Bretum, ásamt yfirmanni hjá FBI*

*Nettengt barnaklám og kynferðisleg misnotkun barna eru 38% af öllum málum sem tölvuglæpadeild FBI rannsakaði á fjárhagsárinu 2005.*

að kynna sér rannsóknaraðferðirnar frá grunni til þess að yfirvöld í heimalandi geti í kjölfarið tekið upplýsta ákvörðun um hvort skynsamlegt sé að taka upp slíkar frumkvæðisrannsóknir. Lagaumhverfi og heimildir lögreglumanna frá öllum þessum löndum eru svo afar misjafnar og verður að taka tillit til þess við skoðun þessa málaflokks.

Að öllu jöfnu eru einstaklingar ekki skikkaðir til starfa við þennan málaflokk, heldur er það að eigin frumkvæði þeirra. Þetta er afar mikilvægt þar sem það er ekki á allra færi, enda þurfa allir sem koma að vinnu við þennan málaflokk, hvort heldur sem er lögreglumenn eða almennir starfsmenn, að gangast undir sálfræðimat áður en þeir hefja störf. Sex mánuðum síðar gangast þeir aftur undir slíkt mat og svo árlega eftir það. Stjórnendur þeirra geta hvenær sem er óskað eftir að starfsmenn þeirra gangist undir mat ef einhverjar efasemdir vakna um andlegt ástand þeirra. Allir starfsmenn geta að eigin ósk farið fram á flutning og er orðið við því tafarlaust, án nokkurra eftirmála.

### *Starfsemi FBI og tölfræði tengd brotaflokknum*

FBI starfar nú markvisst að þessum málaflokki og eru stundaðar leynilegar rannsóknir í 37 af 56 svæðisskrifstofum þeirra víðs vegar um Bandaríkin. Tekið skal fram að slíkar rannsóknir eru einnig stundaðar af staðar- og fylkislögreglu.

Síðustu ár hafa FBI, fylkislögregla og lögregla í bæjarfélögum aukið meðvitund sína um barnaklám og kynferðislega misnotkun barna og eru stöðugt fleiri mál til rannsóknar af þessu tagi.

Í raun eru hlutfallslega flestir starfsmenn tölvuglæpadeildar FBI að vinna við IINI en í nokkrum öðrum deildum með sambærileg verkefni. Á árunum 1996 til 2005 fjölgaði málum sem stofnuð voru um 2026% á IINI ( úr 113 í 2402 ). Gert er ráð fyrir að þessum málum haldi áfram að fjölga og að vandamálið sé að aukast.

Nettengt barnaklám og kynferðisleg misnotkun barna eru 38% af öllum málum sem tölvuglæpadeild FBI rannsakaði á fjárhagsárinu 2005.

### *Hvað skiptir máli við rannsóknir á brotum á Netinu?*

IP-tala, veffang og tölvunetfang jafnast á við nafn, kennitölu og símanúmer einstaklings. Það þarf að finna eiganda og þar sem IP-tölur eru ekki alltaf stöðugar (static/dynamic) þarf að gæta þess að hafa nákvæman tíma og dagsetningu til að hægt sé að rekja IP- töluna til rétts aðila. Þannig er hægt að segja með vissu með hvaða tölvu var hlaðið upp eða niður.

Í mörgum tilfellum eru fleiri en einn einstaklingur að nota þá tölvu sem grunur leikur á að hafi verið notuð í tengslum við kynferðisbrot gegn börnum og er því nauðsynlegt að gera bakgrunnsrannsóknir á þeim sem hafa aðgang að henni til að geta handtekið með öryggi réttan aðila.

### *Hvernig fer maður Under-cover á Netið?*

Til að geta stundað leynilegar rannsóknir á Netinu er grundvallarskilyrði að tölvan sé útbúin þannig að lögreglumenn geti verið vissir um að þeir séu nafnlausir eða órekjanlegir á netinu. Hægt er að nota svokallaðan “Anonomizer” en einnig er til “Rotation Anonomizer” en þá flakkar maður á milli “routera” og felur þannig slóð sína. Til að stunda slíka rannsóknir af einhverri alvöru þarf að fá netþjónustuaðilann til samvinnu og fá hann til að setja upp varanlegar stillingar og tryggja að ekki sé hægt að rekja tenginguna til lögreglu. Hjá FBI eru afar nákvæmar reglur sem segja til um hvað sé leyfilegt og hvernig skuli standa að slíkum rannsóknum.

Í Bandaríkjunum þurfa lögreglumenn sem stunda leynilegar rannsóknir að búa sér til gervipersónu sem lítur út fyrir að vera til í raunveruleikanum; hefur kennitölu, bankareikning, greiðslukort, ökuskírteini, heimilisfang, fjölskyldu og allt það sem venjuleg manneskja hefur.

Við rannsóknir á Netinu þar sem lögreglumenn eru aldrei í beinu sambandi við þá sem verið er að rannsaka ætti hins vegar að nægja að hafa órekjanlegt greiðslukort og símanúmer.

### *Hvað er leyfilegt?*

Heimildir lögreglumanna eru afar misjafnar eftir löndum og getur því alþjóðleg samvinna virkilega verið bæði vandasöm og einnig hagnýt ef um samstarfsverkefni er að ræða. Hjá FBI má t.d. ekki fara inn á hvaða spjall sem er í leit að glæpamönnum. Það þarf að vera ákveðinn grunur eða tilefni um að eitthvað ólöglegt fari þar fram. Þar má ekki liggja í leyni nema tilkynning eða kæra hafi borist eða ef nafnið á spjallinu gefur án vafa til kynna ólöglegt athæfi. Rannsóknarteymin hafa svo mismunandi víðtækar heimildir og getur þurft að breyta þeim vegna yfirstandandi mála og er það þá gert af dómsmálaráðuneytinu í takmarkaðan tíma í senn. Ef við lítum á hvernig þessum málum er háttað, t.a.m. í Noregi, þá er horft til þessarar vinnu lögreglunnar sem um almennt eftirlit væri að ræða, “ef borgarinn má fylgjast með þá má lögregla það líka.”

### *Forrit sem leitar að myndaskrám vistuðum á tölvunni*

Einstaklingar geta gert skyndileit að myndum, myndböndum og fleiru til þess að komast að því hvað er vistað í tölvunni hjá þeim. Þetta er gert með því að ýta á start-takkann eða ýta á shift+f og velja search. Þar er svo skrifuð endingin á þeim skrám sem til stendur að skoða en muna að setja stjörnu fyrir framan, dæmi: *.jpg og þá birtast á skjánum allar .jpg-myndaskrár sem þar eru vistaðar.

Lögreglan þarf fara öruggari leið sem tryggir að skrárnar sem skoðaðar eru breytist ekki. Það er eins og horft sé á þær í gegnum glugga án þess að þær séu snertar. Hér notar FBI myndaleitarforrit sem byggt er á Linux-stýrikerfinu sem rúmast á geisladiski.

Til eru ýmis forrit sem hægt er að hlaða niður af Netinu en til þess að lögreglan geti notað þau, verður að liggja fyrir viðurkenning fagmanna og samþykki yfirvalda fyrir fram svo ekki sé unnt að rengja virkni þeirra fyrir dómi.

### *Hvað og hverjum kennir FBI hjá IINI í Calverton?*

IINI heldur námskeið fyrir alla FBI fulltrúa sem eru að hefja störf við leynilegar rannsóknir á Netinu. Að loknu námskeiði fara fulltrúarnir til síns heima, þar sem þeir hljóta frekari þjálfun í einni eða jafnvel tveimur aðferðum við að leita að þeim einstaklingum sem selja, kaupa og skiptast á ólögmætu efni á Netinu. Námskeiðið er einnig í boði fyrir fylkis- og bæjarlögreglu og erlenda lögreglumenn og hefur þátttaka þeirra aukist undanfarið.

### *Fögin sem kennd eru á grunnnámskeiðinu*

Grundvallaratriði við leynilegar rannsóknir, rannsóknir á jafningjanetum, P2P og IRC, net- og vefsíðurannsóknir, spjall á Netinu, rannsóknir á frétta- og samtalshópum, jafnt á Usenet og á Google og Yahoo, yfirheyrslutækni, Prófiling á kynferðisbrotamönnum og lagaumhverfið.

Einnig er kennt hvernig eigi að hlaða niður sönnunargögnum þegar komið er á vettvang og hver á að gera hvað og hvenær. Farið er yfir meðhöndlun sönnunargagna. Leynilega rannsóknin á Netinu er fyrst og fremst í þeim tilgangi að finna brotamanninn og staðsetja hann svo hægt sé í framhaldinu að rannsaka hann nánar.

### *MySpace - Facebook - Social Networking websites*

Nýjustu margmiðlunartólin á Netinu sem sameina nánast allar tegundir af samskiptaleiðum einstaklinga eru MySpace og Facebook. Þettar eru síður einstaklinga, félagslegur vettvangur sem gefur möguleika á að skiptast á skrám við einstaklinga, eiga samtöl í rauntíma, senda út og taka við tilkynningum. Hægt er að stýra aðgangi inn á síðuna og koma þannig í veg fyrir að óviðkomandi séu að fylgjast með henni.

Í dag eru lögreglulið farin að nýta sér þennan vettvang til að ná til almennings og fórnarlamba með því að setja upp eigin síður og er ein MySpace-síða rekin af lögreglunni í Dallas með það að markmiði að ná til fórnarlamba kynferðisofbeldis, hvort sem um er að ræða ofbeldi inni á heimilinu eða því sem fer fram á Netinu. Þessi vettvangur hentar börnum og unglingum mun betur og telja lögreglumenn sig ná til mun stærri hóps fórnarlamba með þessum hætti þar sem þeir eru komir inn í veröld unglinganna. Þess má geta að sumir unglingar dvelja á síðum sem þessum í allt að 6 – 8 tíma á dag.

### *Rannsóknir á hegðun barnaníðinga*

FCC Butner, Federal Correctional Complex, er eitt af endurhæfingarfangelsum á vegum FBI. Þar er boðið upp á endurhæfingu fyrir þá fanga sem eru á leið aftur út í þjóðfélagið. Þar starfa fjölmargir sérfræðingar, læknar, sálfræðingar og félagsráðgjafar og þar er góður vettvangur fyrir rannsóknir á hegðun brotamanna. Sérfræðingar hafa lengi velt því fyrir sér hversu hátt hlutfall þeirra sem hlaða niður eða dreifa barnaklámi á Netinu fremji einnig kynferðisbrot gagnvart börnum, en sú tilhneiging hefur verið ríkjandi að líta mildari augum á þá kynferðisbrotamenn sem eingöngu eru dæmdir fyrir vörslu/dreifingu á barnaklámi.

Í grein í The New York Times, sem birt var 19. júlí 2007, koma hins vegar fram sláandi niðurstöður úr opinberri rannsókn frá Butner, en sú rannsókn hefur enn ekki fengist birt í heild sinni vegna viðkvæmra upplýsinga sem hún hefur að geyma. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa hins vegar gengið á milli fræðimanna, en þær gefa til kynna að 85% þeirra sem afplána dóm eingöngu fyrir vörslu/dreifingu á barnaklámi á Netinu, hafi einnig framið kynferðisbrot gagnvart barni, allt frá óviðeigandi snertingu til nauðgunar. Þar sem verslun með barnaklám á Netinu hefur aukist gríðarlega undanfarin ár er það skoðun margra sérfræðinga að þessi rannsókn skuli gerð opinber hið fyrsta svo auðveldara sé að bera kennsl á þá einstaklinga sem segjast einungis skoða þetta efni á Netinu en gætu mögulega verið virkir barnaníðingar. Aðrir vilja þó ekki ganga eins langt þar sem þeir segja að þátttakendur rannsóknarinnar hafi allir verið sjálfboðaliðar og ekki sé hægt að fullyrða að hegðun þeirra endurspegli hegðun allra þeirra sem skoði barnaklám.

### *NCMEC – National Center for Missing and Exploited Children*

NCMEC er miðstöð fyrir týnd og misnotuð börn og er þar rekin ábendingalínan www.cybertipline.com. Þar geta foreldrar, börn og aðstandendur tilkynnt um barnaklám og annars konar kynferðislega áreitni eða misnotkun á börnum með því að fylla út staðlað form á netinu. NCMEC heldur einnig gangandi 24 tíma hotline 1-800-THE-LOST og vefsíðu www.missingkids.com. Tilkynningar sem berast NCMEC, sem gefa vísbendingar um að alríkislög hafi verið brotin, eru framsendar til FBI til viðeigandi meðferðar.

Starfsmenn eru einn yfirmaður frá FBI og fimm greiningarstarfsmenn sem gegna fullu starfi við að taka við tilkynningum. Greiningarstarfsmenn kanna hvers eðlis tilkynningarnar eru og hvort hægt sé að bera kennsl á annaðhvort brotamanninn eða fórnarlambið. Þar er einnig unnið að því, með aðstoð tölvutækni, að áætla útlit á einstaklingum sem hafa verið týndir um langt skeið og eru þó nokkuð mörg dæmi þess að það hafi borið árangur.

*85% þeirra sem afplána dóm eingöngu fyrir vörslu/dreifingu á barnaklámi á Netinu, hafi einnig framið kynferðisbrot gagnvart barni, allt frá óviðeigandi snertingu til nauðgunar*

Mál sem tilkynnt eru til NCMEC geta verið margs konar, s.s. varsla, framleiðsla og/eða dreifing á barnaklámi, ásamt online samtölum brotamanna við börn með þeim tilgangi að fá þau til samræðis. Þegar starfsmenn NCMEC hafa komist að hvers eðlis málið er finna þeir hvar brotamaðurinn er staðsettur út frá IP-tölu og senda svo málið til viðeigandi meðferðar til þeirrar skrifstofu FBI sem við á.

Hjá NCME er safnað saman öllum barnaklámmyndum sem finnast í Bandaríkjunum og þær skráðar og flokkaðar (hash value), það er eins konar fingrafar eða DNA stafrænna mynda. Á síðastliðnum fimm árum hefur NCMEC safnað meira en átta milljón myndum sem sýna barnaklám af einhverju tagi. Unnið er að sameiningu gagnabanka NCMEC og sambærilegum gagnabanka Interpol.

### *Framleiðsla á myndefni sem sýnir kynferðisbrot gegn börnum teygir anga sína til Íslands*

Það er ekki daglegt brauð á Íslandi að upplýst sé um framleiðslu á barnaklámi en þar með er ekki hægt að fullyrða að slík framleiðsla fari ekki fram hér á landi. Í ágúst 2007 var maður dæmdur af alríkisdómstól í Nashville, Tennessee, fyrir framleiðslu á barnaklámi. Hann hafði á fimm ára tímabili komið sér í kynni við unga drengi, u.þ.b. 11 – 14 ára, sem hann fékk til liðs við sig og þjálfaði/groomed og ferðaðist hann svo með þá víðs vegar um heiminn til að taka af þeim klámmyndir og myndbönd sem hann svo hlóð inn á heimasíðu sína og seldi.

Sumar af þessum myndum voru teknar á Hóteli í Reykjavík á árinu 2003. Fórnarlambið sem þar sat fyrir var á þeim tíma 17 ára en samkvæmt myndaseríum sem fundust inni á heimasíðunni var hinn kærði búinn að taka þess háttar myndir af fórnarlambinu út um allan heim, allt frá því drengurinn var 14 ára. Þegar hann var handtekinn hafði hann hafið samband við nýtt fórnarlamb, 11 ára dreng. Máli á hendur hinum grunaða er ólokið en hann á yfir höfði sér allt að 200 ára fangelsisvist.

Að horfa á kynferðisbrot gegn börnum á sér ekki stað í tómarúmi. Myndir af misnotkun barna eru áþreifanleg sönnun á misnotkun í fortíð, nútíð og framtíð. Jafnvel þeir sem telja sig „aðeins“ hafa horft á kynferðisbrot gegn börnum eru þátttakendur í níði og misnotkun á börnum. Þjáningum fórnarlamba linnir ekki þó að myndavélin sé lögð til hliðar, tilvera efnisins heldur áfram að skapa ör á sál þeirra sem eru misnotaðir, mörgum árum síðar. Verra er að minningar barns um misnotkun geta orðið til þess að þau misnoti önnur börn síðar á lífsleiðinni með svipuðum hætti.

Eins og fram hefur komið styður nýleg rannsókn að samband sé milli þeirra sem safna barnaklámi og þeirra sem níðast á og misnota börn. Til að sporna við þessari þróun er nauðsynlegt að reyna að uppræta þessi brot. Börnum er kennt að treysta fullorðnum og því eru þau varnarlaus og átta sig oft ekki strax á að verið sé að brjóta á þeim. Slík brot hafa oft mótandi áhrif á börn og ungmenni um alla framtíð. Málaflokkurinn er hulinn að miklu leyti og því verðum við ekki vör við fjölda brotanna nema með því að leita þau uppi, án þess að tilkynning eða kæra berist lögreglu.

Ýmsar rannsóknaraðferðir eru að mínu mati vænlegar til skoðunar fyrir íslensku lögregluna sem dæmi, sérstakar netleitir að íslenskum IP-tölum þar sem einstaklingar skiptast á skrám. Til stendur að hefja síun á Veraldarvefnum, www, en með því eru minni líkur á að almenningur villist inn á vefsíður sem innihalda kynferðisbrot gegn börnum. Til þess að stöðva þá sem hafa einbeittam brotavilja þarf meira til, þar sem þeir einstaklingar halda sig frekar á slóðum á Netinu þar sem erfiðara er að halda úti slíkum síunum. Til að ná til barna og unglinga má svo koma upp tilkynningahnappi inni á vefsvæði þar sem þau dvelja.

Þegar er hafið samstarf við Norðurlöndin sem verður vonandi árangursríkt.

Jafnframt er nauðsynlegt að refsi- og réttarvörslukerfin í heild taki þennan málaflokk til sérstakrar umfjöllunar. Viðurlög við þessum brotum hérlendis fara hækkandi en varpa má fram þeirri spurningu hvort í þeim felist nægur fælingarmáttur.

Hjá ríkislögreglustjóra er nú unnið að tillögum að frumkvæðisrannsóknum á Netinu. Það er mín trú að yfirvöld á Íslandi muni, undir forystu dómsmálaráðherra, gera stórstígar breytingar til hins betra í þessum mikilvæga málaflokki.

*Gná Guðjónsdóttir, lögreglufulltrúi*
*í alþjóðadeild ríkislögreglustjóra*




Jólakaffið í ár er blanda sérvalinna kaffibauna. Einstök færni sérfræðinga hjá Te & Kaffi í blöndun og ristun nær fram hæstu gæðum á kaffinu. Jólakaffið hefur góða bragðfyllingu og er í fullkomnu jafnvægi. Ilmurinn af kaffinu dekrar við skilningarvitin og hámarkar jólastemninguna.

Jólastundin - Jólabragðið - Jólastemningin

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

Alkul ehf.
Funahöfða 7
Allar lagnir ehf
Æsufelli 4
Arctic trucks ehf
Klettshálsi 3
Austursel ehf.
Höfðabakka 9
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.
Stuðlahálsi 2
ÁF-hús ehf.
Stórhöfða 33
Bakkus ehf
Héðinsgötu 1
Barnaverndarstofa
Borgartúni 21
BGI málarar
Brekkubæ 17
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Mörkinni 6
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílamálun ehf
Hamarshöfða 10
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarssonar
Bíldshöfða 18
Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
Björnsbakarí ehf.
Klapparstíg 3 v/Skúlagötu
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Bortækni ehf
Vagnhöfða 19
Breki Jarðverk ehf.
Álakvísl 88
Broadway-Arnol.net
Ármúla 9
Brynjólfur Eyvindsson hdl
Kringlunni 7,
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartúni 31
Celtic Cross ehf.
Pósthóld 399
DHL á Íslandi
Sundabakka 2
Dreifing  ehf.
Vatnagörðum 8
DS lausnir ehf
Súðarvogi 7
Dynjandi ehf.
Skeifunni 3h
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaugin Úðafoss sf.
Vitastíg 13
Emmessís hf.
Bitruhálsi 1
ERF ehf
Rauðagerði 39
Farmur ehf. Flutningaþjónusta
Flúðaseli 65
Fasteignasalan Borgir ehf.
Ármúla 1
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Ferskar kjötvörur hf.
Síðumúla 34
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fínka málningarverktakar ehf.
Norðurási 6
Fjölgreiðslumiðlun hf
Mörkinni 1
Frjálslyndi flokkurinn
Aðalstræti 9
Frumkönnun ehf
Hæðargarði 14
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Draghálsi 8
G.G. Flutningar ehf
Dugguvogi 2
Gagnaeyðing ehf.
Bæjarflöt 4
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grillhúsið Tryggvagötu
Tryggvagötu 20 Bryggjuhús
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Tjarnargötu 10d Box 1067
Happahúsið
Kringlunni 4-12
Happdrætti Háskóla Íslands
Tjarnargötu 4
Harley Davidson Íslandi ehf.
Grensásvegi  16
Háfell ehf.
Skeifunni 11
Hátækni ehf.
Ármúla 26
Heilsubrunnurinn ehf.
Kirkjuteigi 21
Hekla hf.
Laugavegi 170-174
Henson hf.
Brautarholti 24
Hilmar Ingimundarson Hrl.
Austurstræti 10a
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Rangárseli 6
Hótel Frón
Laugavegi 22
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hótel Vík
Síðumúla 19
Hringrás hf.
Klettagörðum 9
Hrói Höttur
Hringbraut 119
Hugver ehf.
Vitastíg 12
Humarhúsið
Amtmannsstíg 1
Húsaklæðning ehf.
Hólmaslóð 2
Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
IÐAN Fræðslusetur
Hallveigarstíg 1
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Lágmúla 9, 2.hæð
Inter ehf
Sóltúni 20
Íhlutir ehf.
Skipholti 7
Ísbúðin Fákafeni 9
Fákafeni 9
J. Eiríksson ehf.
Tangarhöfða 5
Jarðvélar  ehf.
Síðumúla 28
Kaffi Paris
Austurstræti 4
Kaffivagninn hf.
Grandagarði 10
Kantur ehf.
Vesturási 48
Kemis ehf.
Breiðhöfða 15, box 9351
Kjörgarður - Laugavegi
Laugavegi 59
Klúbburinn ehf
Stórhöfða 17
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Kópsson ehf
Hyrjarhöfða 4
KPMG hf.
Borgartúni 27
Landic Property hf.
Kringlunni 8-12
Landssamband slökkviliðs- og
sjúkraflutningamanna
Brautarholti 3
Langholtskjör
Langholtsvegi 176
Listasafnið Hótel Holt ehf.
Bergstaðastræti 37
Línuborun ehf.
Vagnhöfða 11
Lögfræðistofa Þuríðar Halldórsdóttur hdl.
Hverfisgötu 105
Lögmannastofan Skipholti sf.
Bolholti 6
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf.
Laugavegi 7
Lögmannsstofa Bjarna Haukssonar ehf.
Hátúni 6a
Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu
Hverfisgötu 115
Lögvörn ehf.
Hátúni 6a
Löndun ehf.
Kjalarvogi 21 Box 1517
Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf.
Réttarhálsi 2
Nesradíó ehf.
Síðumúla 19
Neyðarþjónustan lykla- og lásasmiður
Laugavegi 168
Nýi ökuskólinn ehf.
Klettagörðum 11
Olíudreifing ehf.
v/Kleppsmýrarvegi
Pizza Rizzo pizzeria
Hraunbæ 121
Poulsen ehf.
Skeifan 2
Rafbrá ehf.
Selási 16
Rekstrarfélagið Kringlan
Kringlunni 4 -12
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Rolf Johansen & co. ehf.
Skútuvogi 10a
Ræsir hf.
Krókkhálsi 11
S.Í.B.S.
Síðumúla 6
Samhugur ehf.
Langagerði 116
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
Sesarvídeó
Grensásvegi 14
Skorri ehf.
Bíldshöfða 12
Skrifstofa Fangelsa á höfuðborgarsvæðinu
Hegningarh.V/skólavörðust
Spark ehf
Brautarholti 8
Spissar ehf.
Hverfisgötu 108
Sportvörugerðin hf.
Skipholti 5
Steingrímur Þormóðsson hrl. - Lögmenn
Árbæ
Nethyl 2
Stilling hf.
Kletthálsi 5
Stjarnan ehf.
Suðurlandsbraut 46
Strætó bs
Þönglabakka 4
Suzuki bílar hf.
Skeifunni 17
Svarta kaffið - Kaffibaunin ehf.
Laugavegi 54
Sveinsbakarí ehf.
Arnarbakka 4-6
Tjónamat og skoðun ehf.
Klapparstíg 25-27  4hæð
Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Tollvarðafélag íslands
Grettisgötu 89
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Síðumúla 21
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
Útgerðarfélagið Frigg ehf
Tryggvagötu 11
Útlendingastofnun
Skógarhlíð 6
Varahlutaverslunin Kistufell ehf.
Brautarholti 16
Vatnasport.is
Grænlandsleið 15
Veiðihúsið Sakka ehf.
Hólmaslóð 4
Veitingahúsið Hornið
Hafnarstræti 15
Vernd - Fangahjálp .
Skúlatúni 6
Vesturröst ehf.
Laugavegi 178
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c
Vélaver hf.
Krókhálsi 16
Vélsmiðjan Járnverk hf.
Bíldshöfða 18
Vélvík ehf.
Höfðabakka 1
Víkivaki
Barónsstíg 27
Þingvallaleið ehf.
Skógarhlíð 10
Þjóðgarðurinn Þingvöllum
Austurstræti 8-10
Þórtak ehf.
Brúnastöðum 73

## Seltjarnarnes

Bæjarins bezta ehf.
Bollagörðum 11
Seltjarnarneskaupstaður
Austurströnd 2
Vogar

Beitir - H. Ólafsson
Jónsvör 3
Nesbúegg ehf
Vatnsleysuströnd
Steinhreinsun ehf.
Aragerði 8

## Kópavogur

Arnarverk ehf
Kórsölum 5
Áferð ehf.
Blásölum 10
Átak ehf.- bílaleiga
Smiðjuvegi 1
Baltik ehf.
Smiðjuvegi 14
Bifreiðastillingin ehf.
Smiðjuvegi 40d rauð gata
Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46  gul gata
Bílar og tjón
Skemmuvegi 44m



# Framhaldsnámskeið í blóðferlagreiningu

## (Advanced bloodstains patterns analysis)

*Henry C Lee Institute of Forensic Science, University of New Haven, CT, U.S.A. 18 - 22 júní 2007.*



*Blóðugt skófar*

**Síðasta sumar sótti greinarhöfundur framhaldsnám í blóðferlagreiningu(bloodstain pattern analysis) til Bandaríkjanna. Höfundur hefur áður sótt fræðslu til Bandaríkjanna í sömu fræðum, árin 2001 og 2002. Embætti LRH og Stall veittu styrk til fararinnar og eru þeim hér með færðar bestu þakkir fyrir.**

### *Skólinn*

The Henry C Lee Institute of Forensic Science var stofnaður og tók til starfa haustið 1998. Skólinn starfar með og fyrir fylkislögregluna í Connecticut auk þess sem þar eru haldin ýmiss sérnámskeið á sviði réttavísinda en skólinn er ríkulega tækjum búinn. Við skólann starfa heimsþekktir og virtir vísindamenn og hann var nýlega valinn til þess að yfirfara sönnunargögn í óupplýstum sakamálum á landsvísu og hafa þegar 4 mál verið upplýst með nýjustu tækni á sviði DNA rannsókna . Til að fræðast frekar um skólann er hægt að skoða vefslóðina: http://www.hcleeinstitute.com .

Henry C Lee er stofnandi skólans og lagði fram stofnféð úr eigin vasa, auk þess að kosta kaup á sér-



Þátttakendur námskeiðsins



**Ragnar Jónsson,**
*rannsóknarlögreglumaður í tæknideild LRH.*



Verkefnavinna, finna stefnu blóðs

hæfðum tæknibúnaði. Hann er þekktur fræðimaður og hefur skrifað kennslubækur um vettvangsrannsóknir auk bóka um sakamál sem hann hefur unnið að. Henry er e.t.v. einna þekktastur fyrir þátt sinn fyrir hönd varnaraðila í máli O J Simpson, þar sem Henry “rassskellti” lögregluna í L.A. fyrir slægleg vinnubrögð. Finna má bækur eftir Henry á http://www.amazon.com t.d. bókina Cracking Cases (the science of solving crime - útg. 2002 Prometheus Books) en sú bók er mjög fræðandi og tekur á ýmsum sértækum tæknirannsóknum.

### *Leiðbeinendur á framhaldsnámskeiðinu*

Dr. Marilyn T Miller,MBA í réttarefnafræði. Stundakennari við HCL Institute en starfar við VCU háskólann í Richmond, Virginia, sem er einn af virtari háskólum Bandaríkjanna. Hún er viðurkennd sem sérfræðivitni í USA og hefur vitnað fyrir dómstólum í meira en 350 sakamálum. Dr. Marilyn er meðhöfundur bókarinnar Henry Lee´s Crime Scene Handbook, sem er ákaflega gott og gagnlegt heimildarrit fyrir tæknideildarmenn. Bókin er kennslubók í vettvangsrannsóknum í ýmsum fylkjum Bandaríkjanna innan löggæslugeirans.

Dr. Albert Harper, Ph.D, J.D., director of HCL Institute. Mjög virtur vísindamaður og sérfræðivitni á sviði blóðferlagreininga. Albert vann nýlega að

olís

SECURITAS

Starfsgreinasamband Íslands

VEIÐIHORNIÐ
Hafnarstræti 5
- sími 551 6760
Síðumúli 8
- sími 568 8410
www.veidihornid.is



*„Hinn látni“ í einu verkefninu*



***Brotavettvangur, númer við gögn sem tengjast rannsókninni***

merkilegri rannsókn á líkamsleifum 76 einstaklinga sem fundust í Lima, Peru. Með nýjustu tækni að vopni komust vísindamennirnir að þeirri niðurstöðu að búið væri að finna elstu minjar um skotsár á líkamsleifum sem vitað er um, þ.e. frá árinu 1536, þegar Spánverjar réðu niðurlögum Inca.

### *Efni framhaldsnámskeiðsins*

Farið var yfir þá þætti sem einkanna blóð sem hefur fallið eða kastast og komist í snertingu við aðra fleti. Túlkun blóðferla og blóðbletta. Mælingar og rannsóknir á vettvangi þar sem blóðsúthellingar hafa orðið. Raunhæf verkefni og þjálfun í vettvangsrannsóknum. Hópvinna, skýrslugerð, ljósmyndun og vettvangsteikningar. Gögn, vinnuskýrslur, raunhæfra verkefna nemenda voru lagðar fyrir prófdómara. Þjálfun í framkomu fyrir rétti, niðurstöður kynntar og rökstuddar. Farið yfir mál þar sem blóðferlagreining hafði úrslitaáhrif. Sérstök áhersla lögð á samhæfð og viðurkennd vinnubrögð varðandi blóðferlagreiningar. Sérhönnuð þrívíddar reikniforrit (HemoSpat http://www.hemospat.com ) kynnt sem notuð hafa verið með góðum árangri í USA og Kanada.

Kynning á starfssemi blóðferlasérfræðinga sem starfa undir eftirliti FBI en hópurinn hefur m.a. það markmið að samhæfa vinnubrögð varðandi blóðferlagreiningar (sjá nánar vefsíðuna: http://www.swgstain.org ). Þá mælir hópurinn með markvissri og stöðugri þjálfun þeirra sem sérhæfðir eru sem blóðferlasérfræðingar, en sams konar kröfur eru gerðar til fingrafara-, brunarannsókna- og skotfærasérfræðinga í USA og Kanada.

Þátttakendur voru 16 frá þremur löndum, þ.e. Bandaríkjunum (11), Taiwan (4) og Íslandi (1). Allir starfandi vettvangsrannsóknarmenn, þ.e. tæknideildarmenn. Rannsakarar frá Miami og Philadelphiu voru með lengstan starfsaldur og mesta reynslu í mannskaðarannsóknum, sbr. morðum og sjálfsvígum. Allir sammála um að blóðferlagreiningar á brotavettvöngum séu að fá meira vægi við þeirra stofnanir og fyrir dómstólum. Einnig rannsóknir á blóðugum fatnaði sem Bandaríkjamenn skilgreina sem brotavettvang innan brotavettvangs (crime scene within a crime scene).

Blóðferlagreining / skilgreining: Með nákvæmri mælingu á stærð og lögun blóðdropa er útskýrt hvernig blóð hefur komist í snertingu við fundarstað þess, hvort heldur sem um fatnað er að ræða eða húsgögn, gólf, veggi o.s.frv.

Hægt er að finna út stefnu hvers einstaks blóðdropa og áfallshorn. Með slíkum útreikningum er hægt að komast að því hvort brotaþoli hafi staðið, setið eða legið, þegar honum voru veittir áverkar með t.d. eggvopni eða barefli. Blóðferlagreiningar eru vísindi sem getað hjálpað okkur í rannsóknum ýmist til að staðfesta eða



***Blóðug handaför búin til***

hrekja frásögn um atburðarás. Með blóðferlagreiningu er hægt að komast að því hvað gerðist á vettvangi og með hvaða hætti.

## *Námskeiðið*

Fyrri hluti hvers dags fór í fyrirlestra, upprifjun á hvernig blóð framkallast og farið yfir raunveruleg mál en eftir hádegi alla daga var farið í rannsóknar- og verkefnavinnu. Hópnum var skipt upp í fjóra hópa og hafði hver og einn nemandi margbreytilegt hlutverk, s.s. ýmist að nota ljósmyndavél, gera vettvangsuppdrátt, skrá niður mælingar eða sjá um aðra þætti vettvangsrannsóknar. Hver hópur vann svo úr niðurstöðunum og þurftum við að setja fram fullunnar skýrslur um niðurstöður rannsóknar okkar með ljósmyndum, töflum með útreikningum og vettvangsteikningu. Færa þurfti rök fyrir niðurstöðum fyrir leiðbeinendum sem brugðu sér í allra kvikinda líki, ýmist sem verjendur, saksóknarar eða dómarar.

Þungamiðja vinnu okkar þessa viku var sú að velta því upp hvað er staðreynd í vettvangsrannsókn og hvað eru viðurkenndar aðferðir við nálgun og framsetningu gagna okkar. Við finnum gögn á vettvangi og skýrum þau með þekktum og viðurkenndum aðferðum. Við skráum allt sem við gerum, skriflega, með mælingum og ljósmyndun. Við setjum gögnin frá okkur á skýran hátt, þannig að aðrir sérfræðingar á þessu sviði geti yfirfarið okkar gögn og tekið afstöðu til þeirra.

Alls unnum við þrjá brotavettvanga og voru niðurstöður þeirra rannsókna bornar undir þrjá prófdómara sem virkilega reyndu á okkur með spurningum og athugasemdum varðandi úrvinnslu gagna okkar. Hver og einn meðlimur hópsins var tekinn fyrir og spurður spjörunum úr varðandi blóðferlagreiningar, hlutverk okkar á vettvangi og þau gögn sem við fundum þar. Námskeiðinu lauk með prófi og stóðst undirritaður prófið og fékk vottorð því til staðfestingar.

## *Lokaorð*

Ofangreint námskeið var mjög gagnlegt í alla staði og hefur námið nú þegar reynst vel við úrvinnslu og rannsókn sakamála hér á landi. Kennslan fór fram við bestu aðstæður, þ.e.a.s. í skólastofnun sem jafnframt er rannsóknarstofa og allur raunverulegur búnaður tæknideildarmanna við hendina, s.s. Luminol, ljósgjafar, mælistikur og sýnaöskjur o.s.frv.

Athyglivert var að bera gögn okkar og vitnisburð undir þrautreynda leiðbeinendur sem yfirfóru skýrslur okkar með stækkunargleri og dásamlega hvössum athugasemdum þegar þeir fundu minnstu smáatriði sem þeir gátu sett út á. Á þessarri viku var stofnað til kynna við aðra þátttakendur sem og leiðbeinendur sem getur reynst okkur vel í náinni framtíð ef við þurfum að fá svör við áleitnum spurningum varðandi framkvæmd einhverra tæknilegra rannsókna á vettvöngum hér á landi. Má segja að slík kynni séu ekki síður mikilvæg en sjálft námskeiðið þar sem erlendir starfsfélagar okkar búa yfir mikilli reynslu á sviði vettvangsrannsókna og eru reiðubúnir að miðla þekkingu sinni.




***Mynd af algengustu blóðslettum vegna barsmíða***




***Örvar sýna stefnu blóðsins***

VGK Verkfræðistofa
KAUPÞING
VÍS Vátryggingafélag Íslands hf.
ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Bílasprautun og réttingar Auðuns
Nýbýlavegi 10
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.
Smiðjuvegi 48 rauð
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34
Bílstál ehf
Askalind 3
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17
Bláfugl
Hlíðasmára 15
Blikkás - Funi ehf.
Smiðjuvegi 74
Blikksmiðja Einars ehf.
Smiðjuvegi 4b græn gata
Borgarvirki ehf.
Hjallabrekku 22
BSA Varahlutir ehf.
Smiðjuvegi 4a
Cafe Adesso
Smáralind
DATEK-ÍSLAND ehf.
Smiðjuvegi 50
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Egill Vilhjálmsson ehf.
Bröttutungu 9
Elnet tækni ehf.
Dalvegi 16b
Fasteignamiðstöðin-Hús og hýbýli ehf.
Hlíðasmára 17
Fiskbúðin okkar
Smiðjuvegi 8
Gistiheimilið BB 44
Borgarholtsbraut 44
Hafið - Fiskiprinsinn
Hlíðasmára 8
Hemill
Skemmuvegi 12 blá
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Íslenskir undirverktakar ehf
Álfhólsvegi 29
Ísnes ehf
Hamraborg 5
Íssel ehf
Smáratorgi
Járngerði ehf.
Hlégerði 7
Jón og Salvar ehf
Smiðjuvegi 44
Kjarnagluggar sf.
Skemmuvegi 46
Kristján og Stefán Fluttningar - K. og S. sf
Desjakór 21
Kríunes ehf.
Kríunesi v. Elliðavatn
Kynnisferðir ehf.
Vesturvör 6
Köfunarþjónusta Árna Kópssonar
Hafnarbraut 10
Körfuberg ehf.
Kleifakór 1a
Landvélar ehf.
Smiðjuvegi 66 rauð
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafmiðlun ehf.
Ögurhvarf 8
Rafport ehf.
Nýbýlavegi 14
Rafvirkni ehf.
Akralind 9
Reykofninn hf.
Skemmuvegi 14 blei
Réttir bílar ehf
Vesturvör 24
Ræstingaþjónustan sf.
Smiðjuvegi 62
Sérverk ehf.
Askalind 5
Smári söluturn
Dalvegi 16c

Smurstöðin Stórahjalla ehf.
Stórahjalla 2
Steinsmiðjan S. Helgason ehf.
Skemmuvegi 48, brún gata
Stigalagerinn ehf.
Dalbrekku 26
Uppdæling ehf.
Bakkabraut 2
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf.
Hamraborg 11
Vélaleiga Auberts
Hlíðarhjalli 7
Vídd ehf.
Bæjarlind 4
www.mannval.is
Pósthólf 484
Þvegillinn
Fífuhjalla 3

## Garðabær

ARK öryggiskerfi
Bæjargil 3
Dráttarbílar
Skeiðarási 4
Dráttarbílaþjónustan Krókur ehf
Suðurhrauni 3
Dýralækningastofan Garðabæ
Lyngási 18
Elektra ehf.
Lyngási 11
Garðabær
Garðatorgi 7
IKEA - Miklatorg hf.
Kauptúni 4
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Suðurhrauni 1
Kjarnavörur hf.
Miðhrauni 16
Loftorka ehf.
Miðhrauni 10
Miklir menn ehf
Hrísholti 13
Würth á Íslandi hf.
Vesturhrauni 5

## Hafnarfjörður

Aðalskoðun hf.
Hjallahrauni 4
Air care Icelandic-Erker Íslandi
Blómvangi 1
Alexander Ólafsson ehf.
Grandatröð 2
Áttan, snókerbar
Trönuhrauni 10
Barkasuða Guðmundar ehf.
Hvaleyrarbraut 27
Bónusvideo ehf.
Lækjargötu 2
Byggingafélagið Sandfell ehf.
Reykjavíkurvegi 66
Eiríkur og Einar Valur ehf.
Breiðvangur 4
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar
Brekkutröð 1
Fínpússning ehf.
Rauðhellu 13
Fjarðarkaup ehf.
Hólshrauni 1
Fjörukráin hf.
Strandgötu 55
G.P. Kranar ehf
Skútahrauni 2a
Hagtak hf.
Fjarðargötu 13-15
Héraðsdómur Reykjaness
Fjarðargötu 9
Hlaðbær Colas hf.
Hringhellu 6
Holtanesti
Melabraut 11
Hópbílar hf.
Melabraut 18

Icetransport ehf.
Gjótuhrauni 4
Ís-rör ehf.
Hringhella 12
Japanskar-vélar ehf.
Dalshrauni 26
Klettur, verktakar
Pósthólf 200
Kvikmyndahúsið ehf.
Trönuhrauni 1
Lipurð ehf.
Hjallahrauni 4
Lögmenn Hafnarfirði ehf.
Reykjavíkurvegi 60
Málmsteypan Hella hf.
Kaplahrauni 5
MEST ehf.
Fornubúðum 5
Nýsir hf.
Reykjavíkurvegi 74
Rafhitun ehf.
Kaplahrauni 7a
S.J. Trésmiðja ehf
Melabraut 20
Spennubreytar
Trönuhrauni 5
Suðurverk hf.
Drangahrauni 7
Suzuki umboðið ehf
Kapalhrauni 1
Trégaur ehf.
Suðurgötu 31
Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.
Melabraut 23
Viking björgunarbúnaður
Hvaleyrarbraut 27

## Keflavík

Efnalaug Suðurnesja - BK hreinsun ehf.
Iðavöllum 11b
Fagtré ehf.
Suðurgarði 5
Fasteignasalan Stuðlaberg ehf.
Hafnargötu 29
Frístund
Faxabraut 27
Gæfusmiðurinn ehf.
Heiðarvegi 6
Húsagerðin ehf.
Hólmgarði 2c
Kaffi Duus ehf.
Duusgötu 10
Kiwi Veitingar
Tjarnargötu 28
Langbest
Hafnargötu 62
Málverk sf.
Skólavegi 36
Múrhamar sf
Grófinni 13b
Nesbyggð ehf
Stapabraut 5
Nesprýði ehf
Vesturbraut 10-12
Olsen Olsen
Hafnargötu 17
OSN lagnir ehf.
Iðavöllum 4b
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Framnesvegi 21
Pústþjónusta Bjarkars
Hrannargötu 3, Box 76
Pylsuvagninn Tjarnargötu
Norðurvelli 32
Rafiðn ehf.
Víkurbraut 1
Ráin ehf
Hafnargötu 19
Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
Samkaup hf
Hafnargötu 62
Skipting ehf.
Grófinni 19

Skólamatur ehf.
Iðavöllum 3d
Sólbaðs- og þrekmiðstöðin Perlan
Vesturgata 21
Tjarnartorg ehf
Norðurvöllum 32
Trésmíðaverkstæði Stefáns og Ara sf.
Brekkustíg 38
Útfararþjónusta Suðurnesja
Vesturbraut 8
Varmamót ehf.
Framnesvegi 19
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Víkurbraut 13
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vatnsnesvegi 14
Viðar Jónsson ehf.
Heiðarhorni 16

## Keflavíkurflugvöllur

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.
Keflavíkurflugvelli
Flugþjónustan, Keflavíkurflugvelli
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Grænási

## Grindavík

Jón og Margeir sf.
Austurvegi 22
Martak ehf.
Hafnargötu 21
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Hafnargötu 9
Smiðshöggið ehf
Túngötu 16
Þorbjörn hf.
Hafnargötu 12

## Sandgerði

Flugfiskur ehf.
Box 45
Málningarvinna Carls ehf
Víkurbraut 9b
Nesmúr ehf.
Holtsgötu 26
Sandgerðisbær
Miðnestorg 3

## Garður

Raftýran sf.
Lyngbraut 1
Sveitarfélagið Garður
Sunnubraut 4

## Njarðvík

ÁÁ Verktakar ehf.
Starmóa 13
Bílahúsið.is - I.H. söluumboð
Holtsgötiu 52
Bílar og hjól ehf.
Njarðarbraut 11d
Fitjavík ehf
Fitjum
R.H. innréttingar ehf.
Stapabraut 1
Radióvík ehf.
Brekkustíg 14
Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf.
Fitjabakka 1c

## Mosfellsbær

Á. Óskarsson og co. hf.
Þverholti 8
Glertækni ehf.
Völuteigi 21
Ísfugl ehf.
Reykjavegi 36



*Sumar og sól*


Ný fjölnotavél
MultiMaster
slípar - sagar - skefur - raspar - brýnir
RAFVER
SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS


HEXA
föt fyrir alla
Smiðjuvegi 10 (Græn gata) / Kópavogi / Sími: 414 8400
Gott úrval af útivistarfatnaði

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Kjósarhreppur
Ásgarður
Reykjalundur, plastiðnaður/Dælur ehf.
Reykjalundi

## Akranes

B.Ó.B. sf,vinnuvélar
Kalmannsvöllum 3
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Dalbraut 6
Bílver ehf.
Innnesvegi 1
GT tækni ehf
Grundartanga
Norðanfiskur ehf
Vesturgötu 5
Skagaverk ehf.
Skarðsbraut 11
Smurstöðin Akranesi sf.
Smiðjuvöllum 2
Sýslumaðurinn á Akranesi
Stillholti 16-18
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Smiðjuvöllum 6

## Borgarnes

Bílasala Vesturlands sf.
Sólbakka 2
Borgarverk ehf.
Sólbakka 17-19
JG vélar sf
Kveldúlfsgötu 18
Langholt ehf. - Baulan
Borgarbyggð
Loftorka Borgarnesi ehf.
Engjaási 2-8
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.
Borgarbraut 61
Sparisjóður Mýrasýslu
Digranesgötu 2
Velverk ehf
Ásbrún Kolbeinsstaðahrepp
Völundur Sigurbjörnsson
Kvíaholti 12
Stykkishólmur

Narfeyri ehf.
Ásklifi 10
Vaktþjónustan Vökustaur ehf.
Aðalgötu 12
Þ.B. Borg - steypustöð ehf
Silfurgötu 36

## Grundarfjörður

Góð mál ehf.
Grundargötu 18
Ragnar og Ásgeir ehf.
Sólvöllum 7

## Hellissandur

Skarðsvík hf.
Munaðarhóli 10
Snævélar ehf
Laufási 1
Þorgeir Árnason ehf.
Háarifi 27 Rifi

## Búðardalur

Dalabyggð
Miðbraut 11
Kolur hf.
Reykhólum
Reykhólahreppur
Maríutröð 5a
Sýslumaðurinn í Búðardal
Miðbraut 11

## Ísafjörður

Cafe Langi Mangi
Aðalstræti 22
Fylkir.is
Fjarðarstræti 15
Hamraborg ehf.
Hafnarstræti 7
Heiðarfell ehf
Suðurtanga 6
Héraðsdómur Vestfjarða
Hafnarstræti 1
KNH ehf.
Grænagarði
Stjörnubílar ehf
Suðurgötu 9
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1

## Bolungarvík

Sparisjóður Bolungarvíkur
Aðalstræti 14

## Súðavík

Súðavíkurhreppur
Grundarstræti 1-3

## Flateyri

Úlfar ehf.
Drafnargötu 2

## Patreksfjörður

Smáalind ehf
Aðalstræti 5

## Tálknafjörður

Bókhaldsstofan Tálknafirði
Strandgötu 40
Eik ehf. - trésmiðja
Strandgötu 37

## Þingeyri

Véla- og bílaþjón Kristjáns ehf.
Hafnarstræti 14
Brú

S.G. Verkstæði ehf
Borðeyri
Staðarskáli
Hrútafirði

## Hvammstangi

BBH útgerð ehf
Hvammstangabraut 43

## Blönduós

Léttitækni ehf.
Efstubraut 2
Stígandi ehf.
Húnabraut 29

## Skagaströnd

Vélaverkstæði Skagastrandar
Strandgötu 30

## Sauðárkrókur

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags
Skagfirðinga
Freyjugötu 9
Hesturinn
Sæmundargötu 3
Héraðsdómur Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
Króksverk ehf.
Borgarröst 4
K-Tak hf
Borgartúni 1
Ræsting og Bón ehf.
Víðihlíð 4
Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17-21
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Suðurgötu 1
Verslun Haraldar Júlíussonar
Aðalgötu 22

## Varmahlíð

Múli ehf
Miðsitju
Akrahreppur - Skagafirði
Miklabæ

## Siglufjörður

Allinn ehf-sportbar
Þormóðsgötu 11-15
Egilssíld ehf
Gránugötu 27
Verkalýðsfélagið Vaka
Suðurgötu 10

## Akureyri

Amaro heildverslun - Viðar ehf.
Frostagötu 6c
Arnarfell ehf. verktakar
Sjafnarnesi 2-4
Ásbyrgi - Flóra ehf.
Frostagötu 2a
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins hf.
Fjölnisgötu 2a
Bónstöð Norðurlands
Njarðarnesi 1
Bæjarverk hf.
Rauðamýri 11
Ekill ehf
Holtateigi 19
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Skipagötu 14
Girðir ehf.
Lónsbakka
Kaffi Torg
Glerártorgi
Kjarnafæði hf.
Fjölnisgötu 1b
Lostæti ehf.
Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofa Hreins Pálssonar hrl.
Hofsbót 4
Malbikun KM
Flögusíðu 2
Rafmenn ehf.
Fjölnisgötu 2b
Rafós sf.
Skipagötu 14
Raftákn ehf.
Glerárgötu 34
Sandblástur og málmhúðun hf.
Árstíg 6
SJ Bald ehf
Grýtubakka 1
Slökkvilið Akureyrar
Árstíg 2
Stífluþjónustan
Möðrusíðu 1
Straumrás hf.
Furuvöllum 3
Tannlæknastofa Sigrúnar Marteinsdóttur
Þórunnarstræti 114
Tréborg ehf.
Njarðarnes 6
Trésmiðjan Fjölnir hf.
Fjölnisgötu 2b
Tölvuvinnslan
Hafnarstræti 101
Vaxtarræktin ehf -Íþróttahöllini
v/ Skólastíg
Vélsmiðjan Ásverk ehf.
Grímseyjargötu
Videobarinn ehf
Langholti 18
Þekking hf.
Hafnarstræti 91-95

## Dalvík

Steypustöðin Dalvík ehf.
Sunnubraut 11

## Húsavík

Fjallasýn - Rúnars Óskarssonar ehf.
Hrísateigi 5
G.P.G. fiskverkun ehf.
Suðurgarðar
Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 1
Víkurraf ehf.
Héðinsbraut 4

## Laugar

Þingeyjarsveit
Kjarna

## Þórshöfn

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis
Fjarðarvegi 5

## Bakkafjörður

Hraungerði ehf
Hraunstíg 1

## Egilsstaðir

Austurtak ehf, verktakar
Bjarkargrund 1-3
Bólholt hf.
Lagarfelli 10
G. Ármannsson ehf.
Ártröð 12
Grænafell ehf, kranaþjónusta
Miðási 11
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Einhleypingi 1
Kaupfélag Héraðsbúa
Kaupvangi 6
Miðás hf.
Miðási 9
Myllan hf.
Miðási 12
Toyota Austurland - Bílaverkstæði
Borgþórs ehf.
Miðási 2
Verslunarmannafélag Austurlands
Miðvangi 2-4
Ökuskóli Austurlands
Lagarfelli 11

## Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargata 44
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Bjólfsgötu 7

## Reyðarfjörður

Kjötkaup hf
Óseyri 1

## Eskifjörður

Egersund Ísland ehf
Hafnargötu 2
Eskja hf.
Strandgötu 39
Kría veitingasala ehf.
Svínaskálahlíð 17

## Neskaupstaður

G.T. ehf - Verslunin Vík
Egilsbraut 6

UMFERÐARSTOFA

AALBORG PORTLAND

Útfararþjónustan

Landsbankinn

B&L

ÍSTAK

Bakarameistarinn

HÉÐINN

FRUMHERJI HF

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN

HITAVEITA SUÐURNESJA

NESDEKK
Fiskislóð 30
Sími 561 4110

SPORTARINN.is

LANDSNET

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Þegar andlát ber að höndum

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu.
Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

***Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu***

**Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.**

Vesturhlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – www.utfarastofa.com

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA



# STL

**Stöðva Tryggja Leysa**

## Handtöku- og yfirbugunarkerfi

# ISR-Matrix-*handtökutækni*

*Jón Viðar og Sæmundur Örn vonast til þess að tæknin verði samþykkt sem hluti af viðurkenndum lögreglutökum en þeir telja núverandi tækni ekki gagnast lögreglumönnum í starfi sem skyldi auk þess sem mikið skorti á viðhaldsþjálfun að námi loknu.*

**Erfitt starfsumhverfi lögreglumanna hefur verið mikið í umræðunni undanfarið. Mikilvægur öryggisþáttur í starfinu er að lögregumenn kunni réttu handbrögðin við þær aðstæður er beita þarf líkamlegu valdi og eru „lögreglutökin" kennd í grunnnámsdeild í lögregluskólanum. Tveir ungir lögreglumenn, Jón Viðar og Sæmundur Örn, hafa nýlega kynnt ný lögreglutök, svonefnda ISR-Matrix-handtökutækni fyrir yfirmönnum í lögreglu og við leituðum til þeirra um frekari upplýsingar um þetta efni.**

Jón Viðar og Sæmundur Örn vonast til þess að tæknin verði samþykkt sem hluti af viðurkenndum lögreglutökum en þeir telja núverandi tækni ekki gagnast lögreglumönnum í starfi sem skyldi auk þess sem mikið skorti á viðhaldsþjálfun að námi loknu.

ISR-Matrix (STL) er afrakstur mikillar þróunarvinnu sem Luis Gutierrez hefur staðið í fararbroddi fyrir síðustu ellefu ár. Hann hefur unnið með lögreglumönnum, fangavörðum, sérsveitarmönnum og almennum borgurum og skoðað vel lögmál þeirra daglegu vinnu til þess að gera vinnuumhverfið sem allra öruggast.

Það eru engin leyni- /fantabrögð í STL heldur eru þetta allt brögð og einföld tækni sem hafa verið útfærð nánar fyrir hinar og þessar stéttir.

### *Uppruni STL*



Mikið af því sem æft er í STL er upprunið úr hinum ýmsu sjálfsvarnaríþróttum eins og t.d. blönduðum bardagalistum (mixed martial arts), júdó, grísk-rómverskri glímu og brasilísku jiu-jitsu. Kerfið er þó sérhannað fyrir lögreglu.

Það sem er byltingarkennt við STL er því ekki brögðin sjálf heldur hvernig kerfið hefur verið samsett sem handtökukerfi og hvernig kennsluaðferðirnar hafa verið útfærðar til að gagnast öllum lögreglumönnum, ekki bara þeim sem eru framúrskarandi íþróttamenn.

### *Kostir STL*



STL er flæðandi kerfi sem auðvelt er að læra vegna þess að æfingaferlið felur í sér lifandi æfingar (æft með stigvaxandi mótspyrnu). Þannig fær lögreglumaður mjög fljótt reynslu af því að notfæra sér þessa frábæru tækni og mun í framhaldi þekkja mörk sín betur áður en hann fer út á götu til að sinna starfi sínu. Einfaldleiki STL ásamt reglulegum æfingum eykur sjálfstraust lögreglumanna til þess að fást við æst og ofbeldisfullt fólk. Við æfingar á STL æfa lögreglumenn saman og veita hvor öðrum uppbyggjandi mótspyrnu sem gefur lögreglumönnum kost á að æfa við sem raunverulegastar aðstæður, en á sem öruggastan hátt. Tökin í STL eru ekki gróf og ekki ætluð til að valda fólki óþarfa sársauka. Það gerir það að verkum að utanaðkomandi fólk sem verður vitni að handtöku skiptir sér síður af henni og auðveldar það störf lögreglunnar.

Vegna þess að STL er flæðandi kerfi hafa lögreglumenn möguleika á því að fara viðstöðulaust úr einni stöðu í aðra. Mikil áhersla er lögð á að geta skipt úr einni stöðu í aðra í kennslunni vegna þess að raunveruleikinn er sá að menn gera mistök og verða að geta brugðist tímanlega við til þess að leiðrétta þau og koma í veg fyrir frekari vandræði.

Eftirfarandi er ekki tæmandi listi yfir tæknina heldur einungis aðalstöður sem kenndar eru innan STL.

***Intercept (stöðva)***
***Stöðvun skiptist í þrjár aðgerðir. Þær eru hjálmurinn, armtog og dýfan.***

### *Hjálmurinn*

Nýttur til að verjast höggum, flöskum og bareflum. Hjálmurinn lokar fyrir hinn svokallaða rotþríhyrning og ver einnig hnakkann á lögreglumanninum. Þegar

lögreglumaður nýtir sér hjálminn stendur hann ekki kyrr heldur nýtir hann hjálminn sem tól til að taka í burtu fjarlægðina milli sín og árásarmanns. Til þess að högg séu hættuleg þarf árásarmaðurinn fjarlægð. Hjálmurinn gerir lögreglumanninum kleift að brúa þá fjarlægð á meðan hann kemur í veg fyrir að vera yfirbugaður í byrjun átakanna.



### *Armtog*

Stöðvun sem nýtist lögreglumanni ef árásaraðili ætlar að taka í hann, pota í hann eða grípa í tækjabeltið hans. Tæknin sem felst í armtogi gerir lögreglumanni kleift að komast í fjórðungsstöðu við líkama sakbornings og þaðan nær hann að baki hans (stendur fyrir aftan andstæðing). Þar getur lögreglumaður t.d. beitt „beislinu“ sem fjallað er um hér að neðan.



### *Dýfan*

Stöðvun sem lögreglumaður getur nýtt sér til að skapa pláss milli sín og árásaraðila en einnig til að ýta aðilanum í umhverfishindrun eins og t.d. vegg eða bifreið til að takmarka hreyfisvið hans. Kostur þess að skapa pláss hratt er ómetanlegt ef lögreglumaður stendur í þeim sporum að vera með yfirburðastöðu og hann sér annan einstakling sem gerir sig líklegan til að reyna að frelsa þann fyrri. Þá er mikilvægt fyrir lögreglumanninn, sé engin hjálp til staðar, að skapa öruggt pláss sem fyrst. Tæknin virkar þannig að lögreglumaður setur útréttar hendur fram fyrir sig og setur hökuna niður til að verja rotþríhyrninginn. Lögreglumaðurinn notar svo skriðþunga og snerpu til að ýta árásarmanninum sem lengst frá sér.



### *Stabilise (tryggja)*

Tryggingin er byggð upp á þremur stöðugleikastöðum, en þær eru undirkrókur og fleinn, úlnliðsflækja og beisli.

**Undirkrókur og fleinn:** Aðalstöðugleikastaðan í STL.

Staðan er hugsuð meira sem einungis tímabundin staða sem þú nýtir þér til að færa andstæðing niður í jörðina til að ná betra valdi á honum. Eðli stöðunnar gerir sakborningi einungis kleift að ráðast gegn þér á þrjá vegu og er kennt mótsvar við öllum þremur árásarmöguleikum. Kosturinn við þessa stöðu er líka sá að lögreglumaður getur haldið stöðunni en á sama tíma litið í kringum sig til að glöggva sig á öðrum hættum. Undirkrókurinn sem tekur í öxlina gefur lögreglumanninum tilfinningu fyrir því ef sakborningur reynir að rífa sig í burtu og fleinninn sem er á höfðinu gefur honum tilfinningu fyrir því ef sakborningur reynir að „keyra í hann“.



**Úlnliðsflækja:** Þetta er helsta fylgdarstaðan í STL og er líkust hinu svokallaða brúðartaki. Við beitingu þessa taks er engin hætta á úlnliðs- eða handarbroti þó svo að hægt sé að framkvæma töluverðan sársauka. Takið er þannig að lögreglumaður notar tvær hendur til að stjórna einni hendi andstæðings en á meðan hefur hann samt mjög góða stöðu gagnvart líkama hans. Hægt er að nota takið til að taka sakborninginn strax niður eða leiða hann frá A til B.



**Beislið:** Þetta er tak og stjórn sem lögreglumaður hefur á andstæðingi þegar hann er fyrir aftan hann. Þetta er frábært tak sem mjög auðvelt er að ná fólki niður með og þá er notuð tækni sem við köllum „að dusta teppið“. Þetta er einkar hentugt tak þegar sakborningur er mjög æstur eða þegar lögreglumaður þarf að yfirbuga sakborning sem er stærri og sterkari en hann sjálfur.



### *Resolve (leysa)*

Þrjár aðalstöðurnar til þess að komast að leiðarenda (handjárna) eru þessar: S-staðan, handleggsvafningur og hnépressan.



**S-staðan:** S-staðan er mjög traust og er þegar lögreglumaður er kominn með andstæðing í gólfið og heldur honum nálægt sér og stöðugum.



**Handleggsvafningur:** Staða sem lögreglumaður festir andstæðing í þegar hann er kominn niður. Takið gerir lögreglumanni kleift að halda honum alveg stöðugum og færa hann á magann til þess að geta handjárnað hann.

**Hnépressa:** Hnépressan er notuð til þess að halda andstæðingi niðri. Hægt er að pressa misfast með henni til þess að geta stjórnað honum, sama hvernig ástandi hann er í. Hnépressa hjálpar einnig til með að koma sakborningi á magann svo hægt sé að handjárna hann.



### *Annað og meira*

Einnig er önnur tækni sem ekki er útskýrð hérna. Það er t.d. tækni gegn hnífa- og byssumönnum.

Sjá nánar www.isrmatrix.org

Höfum einnig kynningar-/kennsluefni á 5 DVD-diskum.

***Jón Viðar Arnþórsson og Sæmundur Örn Sveinsson.***

*Það sem er byltingarkennt við STL er því ekki brögðin sjálf heldur hvernig kerfið hefur verið samsett sem handtökukerfi og hvernig kennsluaðferðirnar hafa verið útfærðar til að gagnast öllum lögreglumönnum, ekki bara þeim sem eru framúrskarandi íþróttamenn.*



# Innanhússknattspyrnumót

## *Norrænu sakamálabókarinnar*

*haldið í Tampere í Finnlandi dagana 14. til 17. október 2007*



**Lið ÍFL Reykjavík vann sér rétt til að taka þátt í mótinu í karlaflokki eftir að dregið var um það í lok síðasta landsmóts lögreglumanna í innanhúss-knattspyrnu. Dregið var úr nöfnum þriggja efstu liðanna. Kvennaliðið var síðan úrval lögreglu-kvenna sem sóttu æfingar fyrir mótið og komu þær flestar frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Norrænu liðin voru þannig skipuð að þau komu frá tilteknu embætti í sínu heimalandi.**

***Hópurinn var skipaður eftirtöldum leikmönnum;***

**Karlar:** Pétur Guðmundsson, Ingólfur Már Ingólfs-son, Ólafur Jónasson, Andri Fannar Helgason, Júlíus Freyr Valgeirsson, Magnús Jónasson, Róbert Þór Guð-mundsson, Jóhannes Gauti Sigurðsson, Snorri Birg-isson og Haukur Bent Sigmarsson.

**Konur:** Helga Margrét Gunnarsdóttir, Martha Sandholt Haraldsdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Jóhanna S. Steingrímsdóttir, Líney Rut Guðmundsdóttir, Harpa Hrund Albertsdóttir, Selma Haraldsdóttir, Þórný Þórðardóttir og Dagný Steinunn Hjörvarsdóttir, allar úr lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og til viðbótar Sigfríð Margrét Bjarnadóttir frá embættinu á Eskifirði.

**Þjálfari:** Hjálmar Kristjánsson

**Fararstjórar:** Guðmundur St. Sigmundsson og Kristján Freyr Geirsson.

Farið var snemma í loftið sunnudagsmorguninn 14. október með Iceland Express sem leið liggur til Kaupmannahafnar. Lent var í Kaupmannahöfn um hádegisbilið en þá beið hópsins um fimm tíma bið því við áttum ekki flug yfir til Tampere í Finnlandi fyrr en um kvöldið. Hópurinn ákvað að nota tímann í Kaupmannahöfn á meðan og var farangrinum kom-ið fyrir í geymslu í flugstöðinni. Menn héldu niður í miðbæ Kaupmannahafnar. Þegar hópurinn kom til baka og menn gerðu sig klára í að fara með flugi yfir til Tampere kom í ljós að búið var að aflýsa flug-inu til Tampere. Urðum við því að gista eina nótt í Kaupmannahöfn og fara yfir til Tampere daginn eftir. Gisti hópurinn á Hótel Park Inn sem er við hliðina á flugstöðinni. Kom þetta sér illa þar sem mótið átti að byrja strax daginn eftir, 15. okt., kl. 08:15 með móts-setningu og áttu íslensku strákarnir strax fyrsta leik, eða kl. 08:45, við Finna.

Guðmundur St. Sigmundsson hafði strax samband við Jan Erik í Finnlandi og lét hann vita að flugi okkar hefði verið frestað og að við kæmum ekki fyrr en daginn eftir. Breyta þurfti leikjaskipulaginu hjá körlunum í samræmi við þessa seinkun okkar til Tampere sem endaði þannig að við spiluðum einn leik á mánudeginum og þrjá á þriðjudeginum. Konurnar náðu að spila sína leiki eins og sett var upp í upphafi, tvo leiki á mánudeginum og tvo á þriðjudeginum.

Hópurinn komst til Tampere sinn með hvorri vélinni sem þýddi að kvennaliðið lék fyrsta leikinn án þjálfara eða liðsstjóra en Róbert Þór sem komst með fyrri vélinni stýrði liðinu. Karlaliðið varð að fara beint í leik þegar á staðinn var komið og á sama tíma lék kvennaliðið sinn leik nr. 2.



# *Leikir íslensku liðanna*

**Mánudaginn 15. október:**

**Karlar:**
**Ísland 1 (1) – Finnland 7 (2)**

Byrjunarlið: Andri í marki, Júlíus, Jóhann, Ólafur og Róbert. Síðan skiptu menn stöðugt allan tímann meðan á leik stóð. Leikur mjög hraður og mikil harka þannig að menn létu skiptingar ganga ört fyrir sig. Fljótlega fór að bera á þreytu hjá mönnum og í framhaldi bættust meiðsl við. Mark Íslands í leiknum skoraði Jóhann á áttundu mínútu. Strákarnir spiluðu fjórir síðustu fimm mínúturnar þar sem Andri fékk rauða spjaldið fyrir að verja boltann utan vítateigs. Andri var því í leikbanni í fyrsta leik daginn eftir á móti Svíum.

**Karlar**
**Þriðjudaginn 16. Október:**
**Svíþjóð 6 – Ísland 2**
Byrjunarlið: Snorri, Pétur, Ólafur, Magnús, Júlíus.
**Danmörk 4 – Ísland 1**
Byrjunarlið: Andri, Magnús, Róbert, Ólafur, Jóhann.
**Ísland 2 – Noregur 6**
Byrjunarlið: Andri, Jóhann, Róbert, Magnús, Ingólfur.

**Úrslit karla**
1. sæti Svíþjóð með 12 stig, skoruð mörk16-6
2. sæti Danmörk með 9 stig, skoruð mörk 13-5
3. sæti Finnland með 6 stig, skoruð mörk 13-9
4. sæti Noregur með 3 stig, skoruð mörk 10-15
5. sæti Ísland með 0 stig, skoruð mörk 6-23

**Konur**
**Mánudaginn 15. október**
**Ísland 0 – Noregur 10**
Byrjunarlið: Berglind í marki, Dagný, Harpa, Marta, Líney, Sigfríð.

**Ísland 0 – Svíþjóð 11**
Byrjunarlið: Berglind í marki, Martha, Dagný, Líney og Sigfríð. Berglind meiddist á hendi og þurfti að fara út af og í hennar stað í markinu stóð Dagný. Báðar vörðu þær gríðarlega vel. Svíarnir sóttu mikið á þær en markverðir íslenska liðsins komu í veg fyrir að ekki voru skoruð fleiri mörk gegn þeim.

**Konur þriðjudaginn 16. október**
Byrjunarlið: Berglind í marki, Marta, Dagný, Líney og Sigfríð.

**Danmörk 8 – Ísland 0**
Byrjunarlið. Berglind í marki, Marta, Dagný, Marta Líney og Sigfríð.

**Ísland 0 – Finnland 7**

Úrslit kvenna
1. sæti Noregur með 12 stig, skoruð mörk 29-7
2.sæti Danmörk með 9 stig, skoruð mörk 17-9
3. sæti Svíþjóð með 6 stig, skoruð mörk 18-9
4. sæti Finnland með 3 stig, skoruð mörk 12-15
5. sæti Ísland með 0 stig, skoruð mörk 0-36

Þar sem við komumst ekki í tíma á áfangastað þurfti karlaliðið að spila þrjá leiki á öðrum degi og hitti það á sama tíma á leiki hjá konunum þannig að bæði leikmenn karlaliðsins, þjálfari og hans aðstoðarmaður þurftu að vera hvor á sínum staðnum á sama tíma. Þannig að erfiðlega gekk að skrá niður innáskiptingar og alla þá hluti og atburði er gerðust í leikjunum bæði hjá konum og körlum.

Menn og konur urðu fyrir smávægilegum meiðslum og hnjaski þannig að sumir þurftu að fá aðhlynningu og einhverjir þurftu að hvíla næsta leik. Enginn varð þó fyrir það miklum meiðslum að viðkomandi yrði alveg frá vegna þeirra.



Þrátt fyrir að íslensku liðin hafi ekki unnið leik voru menn sammála að bæði karla- og kvennaliðið hafi staðið sig vel í leikjunum. Allir hafi gert sitt besta og verið bæði sjálfum sér og íslenskri þjóð til sóma, allir lagst á eitt og gert sitt besta. Þess má geta að eftir leik kvennaliðsins við sænska liðið kom dómarinn að máli við Hjálmar og hafði orð á því að Beglind hefði verið, og væri að hans mati, besti markmaðurinn í kvennaflokknum. Frábært hjá henni, ekki síst þar þar sem hún meiddist í öðrum leik.



Við þetta má bæta að mikill ókostur er að hafa gististað leikmanna á einum stað og að spilað sé á öðrum stað þannig að í tíma og ótíma var verið að skutla mönnum á milli staða en um 15 km voru á milli gististaðar og íþróttahallarinnar. Það þýðir að menn og konur geta ekki með góðu móti fylgst með leikjum annarra liða og blandað frekara geði við kollega okkar frá hinum löndunum. Í raun og veru er það síðasti dagurinn sem menn hafa til þess að eiga frekari samskipti við alla hina, að undanskildum leikjunum – en þá fara fram allt önnur samskipti. Vitaskuld snýst þetta um íþróttina, en ekki má gleyma því að stór þáttur í okkar keppnum er einnig að hittast á öðrum vettvangi, en oft á tíðum ekki nægur tími til – vegna skipulags móta og annarra þátta sem koma í veg fyrir það.

Þarna var saman kominn frábær samheldinn hópur sem gerði sitt besta – innan vallar sem utan.

Ég leyfi mér að fullyrða að við getum öll borið höfuðið hátt þrátt fyrir að hafa ekki unnið til verðlauna – frábær hópur.

Öll liðin gistu á lögregluskólasvæðinu í fínum íbúðum sem ætlaðar eru verðandi lögreglumönnum. Þess má geta að lögregluskólinn þarna var hinn glæsilegasti og einnig skólasvæðið.

Að móti loknu var lokahóf sem haldið var í reiðhöll nokkrum kílómetrum frá þeim stað þar sem leikmenn allra liða gistu og þar var boðið upp á dýrindis kvöldverð og verðlaunaafhendingu.

***Með vinakveðju,***
***Kristján Freyr Geirsson,***
***fararstjóri og samskiptatengslafræðingur***

112
EINN EINN TVEIR
Allt landið
-eitt númer

asics
sound mind, sound body



# Landsmót lögreglumanna í golfi

*haldið af Golfklúbbi lögreglunnar í Reykjavík á Hvaleyrinni 26. ágúst 2007*



**Ræst var út á 1. og 10. braut um kl. 10:00 um morgunin í blíðskaparveðri, sól og hægviðri. Tuttugu og þrír kylfingar skráðu sig til leiks og sætir það furðu hve fáir keppendur voru miðað við golfáhuga landans. Að keppni lokinni var snæddur kvöldverður í boði Íþróttafélags lögreglunnar í Reykjavík. Verðlaun afhenti heiðursgestur kvöldsins, Stefán Eiríksson lögreglustjóri. Auk bikara og verðlaunapeninga fengu allir verðlaunahafar Gjafabréf í Hole in One búðinni og/eða gjafabréf í Ellingsen. Íþróttafélag lögreglunnar í Reykjavík stóð rausnarlega að baki GLR við undirbúning þessa móts og eru þeim færðar þakkir fyrir.**

## Keppt var að vanda í eftirtöldum flokkum

**A flokki 0 – 14,4 í forgjöf með og án forgjafar**

**B flokki 14,5 – 28,4 í forgjöf, með og án forgjafar**

**C flokki 28,5 og hærra í forgjöf, með og án forgjafar**

**Öldungaflokki 50 ára og eldri, með og án forgjafar**

**Kvennaflokkur, með og án forgjafar**

**Flokki heldri manna 65 ára og eldri, með forgjöf (miðað við fæðingarár)**

**Sveitakeppni þar sem þrír bestu telja af þeim sem hefja leik á gulum teigum.**

***Sigurvegarar í hverjum flokki voru:***

**A flokkur án forgjafar**
Sigurbjörn Þorgeirsson 71 högg
**A flokkur með forgjöf**
Hörður Sigurðsson 76 högg
**B flokkur án forgjafar**
Jóhann Karl Þórisson 97 högg
**B-flokkur með forgjöf**
Hrafn Árnason 90 högg
**C flokkur án forgjafar**
Guðjón Rúnar 119 högg
**Öldungaflokkur án forgjafar**
Sigurður Benjamínsson 86 högg
**Öldungaflokkur með forgjöf**
Haukur Ásmundsson 87 högg
**Heldrimannaflokkur með forgjöf**
Jóhannes Páll Jónsson 82 högg

Sveitakeppni A-sveit Suðurnesja en hana skipuðu Birgir Már, Annel og Óskar Halldórsson, samtals 239 högg



***Heildarúrslit urðu sem hér segir:***

Landsmót lögreglumanna í golfi 2007 á Hvaleyrinni Skráning

| | Nafn: | Grunnforgjöf | Leik.forgj. | 1-9 | 10-18 | Samt. | Nett | Röð án | Röð með |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Annel J. Þorkelsson | 4,4 | 2 | 40 | 41 | 81 | 71 | | 3 |
| 2. | Birgir Már Vigfússon | 0,5 | -2 | 42 | 39 | 81 | 83 | | |
| 3. | Sigurbjörn Þorgeirsson | 1,6 | -1 | 36 | 35 | 71 | 72 | 1 | |
| 4. | Óskar Halldórsson | 4,5 | 2 | 37 | 40 | 77 | 75 | 3 | |
| 5. | Hörður Sigurðsson | 7,9 | 5 | 40 | 41 | 81 | 76 | | 1 |
| 6. | Gunnar Schram | 8,6 | 6 | 40 | 44 | 84 | 78 | | 2 |
| 7. | Hjálmar Hallgrímsson | 10,7 | 8 | 51 | 41 | 92 | 84 | | |
| 8. | Friðrik Jónsson | 7,5 | 5 | 39 | 37 | 76 | 71 | 2 | |
| 9. | Forföll | | | | | | | | |
| **B: Flokkkur** | | | | | | | | | |
| 11. | Jóhann Karl Þórisson | 18,0 | 15 | 47 | 50 | 97 | 82 | 1 | |
| 12. | Skúli Berg | 18,4 | 16 | 55 | 46 | 101 | 85 | 2 | |
| 13. | Margeir Sveinsson | 19.1 | 17 | 50 | 54 | 104 | 87 | 3 | |
| 14. | Hrafn Árnason | | 19 | 52 | 57 | 109 | 90 | | 1 |
| **C-flokkur** | | | | | | | | | |
| 15. | Oddur Ólafsson | 30,7 | 28 | 70 | 65 | 135 | 107 | 2 | |
| 16. | Guðjón R. Sveinsson | | 29 | 56 | 63 | 119 | 90 | 1 | |
| **Öldungar 50 ára og eldri** | | | | | | | | | |
| 17. | Haukur Ásmundsson | 22.4 | 20 | 56 | 51 | 107 | 87 | | 1 |
| 18. | Óskar Þór Sigurðsson | 18.0 | 15 | 49 | 49 | 98 | 83 | 3 | |
| 19. | Sigurður Benjamínsson | 17,2 | 15 | 45 | 41 | 86 | 71 | 1 | |
| 20. | Þorsteinn Steingrímsson | 5,8 | 3 | 42 | 44 | 86 | 83 | 2 | |
| **Heldrimannaflokkur 65 og eldri** | | | | | | | | | |
| 21. | Gunnlaugur Sigurðsson | 24,4 | 14 | 49 | 53 | 102 | 88 | | 2 |
| 22. | Jóhannes Páll Jónsson | | 9 | 45 | 46 | 91 | 82 | | 1 |



Næstur holu á 6. braut Hjálmar Hallgrímsson 160 cm
Næstur holu á 16. braut Friðrik Jónsson 91,5 cm

**Sjá nánar á www.glr.is**

***Fyrir hönd GLR***
***Jóhann Karl Þórisson, formaður***

# Mótalisti 2008

| **Landsmót:** | **Umsjón/mótsstaður** | **dags.** |
|---|---|---|
| Landsmót í innanhússknattspyrnu | Suðurnes | |
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL | |
| Golf | Akranes | |
| Öldungamót innanhússkn. | Austurland | |
| | | |
| **Norðurlandamót:** | | |
| Skotfimi | Finnland | |
| Frjálsar íþróttir/Víðavangshlaup | Svíþjóð | |
| Ratleikni | Danmörk | |
| | | |
| **Evrópumót:** | | |
| Víðavangshlaup | Frakkland | 14. – 17. mars |
| Hjólreiðar | Holland | 02. – 07. júní |
| Handknattleikur kvenna | Noregur | 11. – 16. ágúst |
| Handknattleikur karla | Ungverjaland | 26. 08. – 01. 09 |
| Glíma | Rússland | 24. – 27. október |
| | | |
| **Önnur mót:** | | |
| Lögregluskólamót Norrænu sakamálabókarinnar | Finnland | apríl |

gallerisautján
ALCAN
Húsanes
HN



# Evrópumót lögreglumanna *í skotfimi*

**Evrópumótið 2007 í skotfimi var haldið um mánaðamótin ágúst-september. Evrópumót er haldið á fjögurra ára fresti og var að þessu sinni haldið í Bordeaux í Frakklandi. Mótið er mikið að umfangi og voru skráningar í greinar mótsins 332 og hafa keppendur á bak við þær verið um 250, þ.e. einhverjir kepptu í fleiri en einni grein.**

Evrópumótið var geysilega sterkt og mátti þarna sjá marga af bestu skotíþróttamönnum heims. Til að mynda röðuðu sér í verðlaunasætin í loftbyssu karla Franc Dumolin frá Frakklandi sem er nr. 8 á heimslista Alþjóðaskotsambandsins, Boris Kokorev frá Rússlandi, nr. 1 á heimslistanum og Sergey Pyzhianov frá Rússlandi sem raunar er ekki á heimslista um þessar mundir en á að baki vænan slatta af verðlaunum á Evrópu- og heimsmeistaramótum. Loftbyssukeppnin vannst á 586 (99-99-99-98-96-95) stigum og má til samanburðar nefna að Íslandsmetið er 576 stig.



Á liðnum árum hefur nokkuð verið rætt um að sanngirni gæti ekki á þessum mótum þar sem nokkrar þjóðir hafa sent til keppni fólk sem er hreinir atvinnumenn, sbr. þá sem nefndir eru hér að ofan. Sá sem þetta ritar hefur tekið undir þessa gagnrýni en þó ekki heilshugar. Það þykir nefnilega mikill heiður að hafa att kappi við menn eins og Dumolin, Pyzhianov og Kokorev. Hvaða golfari t.d. gæti ekki hugsað sér að fara hring með manni eins og Tiger Woods?

Frá Íslandi fóru fjórir keppendur, Kristína Sigurðardóttir,





Jóhanna Heiður Gestsdóttir, Sigurgeir Arnþórsson og Þorsteinn Þór Guðjónsson. Öll kepptu þau í loftskammbyssu en auk þess keppti Kristína í sportbyssu og Þorsteinn í grófbyssu.

Eins og við var að búast á þetta sterku móti náði ekkert af okkar fólki á toppinn en það var virkilega gaman að skoða úrslitin í ljósi þess að næsta mót í skotfimi er Norðurlandamót. Íslensku keppendurnir eru nefnilega farnir að velgja frændum okkar á Norðurlöndunum hressilega undir uggum og ekki annað að sjá en að góðir möguleikar séu á verðlaunasætum þar í framtíðinni.

Mótið var vel undirbúið og skipulagt, augljóst að Frakkarnir kunna vel til verka. Veðrið lék við þátttakendur með þeirri undantekningu þó að einn daginn gerði haglél sem stóð í nokkrar mínútur. Gekk svo mikið á að ósköpin komust í heimsfréttirnar. Prísuðu menn sig sæla að komast í skjól undan höglunum sem voru vel á annan sentimetra í þvermál og hreint ekki notalegt að finna þau dynja á berum hand- og fótleggjum.

Gissur Guðmundur og Jón S. Ólason voru fararstjórar ÍSL í ferðinni.



# Stuttfréttir

### *Öldungamót í innanhússknattspyrnu*

Vegna þátttökuleysis varð að fella niður mótið í október. Það er ætlun Ísfirðinga að gera aðra tilraun í febrúar eða mars.

### *Landsmót*

Á þessu ári hafa verið haldin eftirtalin landsmót: Í innanhússknattspyrnu sem haldið var af Íþróttafélagi lögreglunnar á Akureyri, í skotfimi sem haldið var af skotnefnd ÍSL og í golfi sem haldið var af Golfklúbbi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn ÍSL vill þakka öllum þeim sem komu að starfi við þessi mót og lögðu hönd á plóginn, innilega fyrir þeirra framlag.

Flügger litir

spron
www.spron.is

Bílahornið

VÍNBÚÐ






# Valnefnd 10 ára

*Á síðustu árum hefur t.d. ekki verið prófað í Norðurlandamálum, einfaldlega vegna þess að þeir eru vandfundnir sem hafa gott vald á þeim eins og áskilið var í lögum. Fékkst þessu ákvæði breytt í lögreglulögum þannig að nú hindrar það ekki umsækjanda sem talar ensku og t.d. pólsku að hann kann ekki eitt Norðurlandamálanna.*

**Með nýjum lögreglulögum nr. 90/1996 var valnefnd fest í sessi og henni mörkuð skýrari stefna. Í þessari grein verður litið yfir farinn veg og skoðað hvernig til hefur tekist.**

Við fyrsta valið hafði nefndin engar reglur til að styðjast við. Á fyrstu fundum setti nefndin sér ákveðnar vinnureglur og fór eftir þeim í hvívetna fyrsta árið til þess að gera örugglega ekki upp á milli manna. Því fór það þannig að nefndin tók einstakling í skólann sem henni var í raun ljóst að ekki átti þangað erindi en til að gæta samræmis þorðum við ekki að breyta út af reglunni. Í ljós kom að tilfinning okkar var rétt.

Sem betur fer hafa sumir umsækjendur krafist rökstuðnings og kært nefndina. Slíkt aðhald er nauðsynlegt og styrkir nefndina í verkum sínum. Smám saman hafa reglur nefndarinnar því breyst og þróast og hafa sannað gildi sitt undanfarið. Vinnureglur nefndarinnar verða teknar til endurskoðunar í haust eins og alltaf og eru fyrirsjáanlegar breytingar á þeim.

Á sama hátt hafa inntökuskilyrði verið endurmetin svo og aðferðir við val. Hugsanlegt er að prófum verði bætt við. Á síðustu árum hefur t.d. ekki verið prófað í Norðurlandamálum, einfaldlega vegna þess að þeir eru vandfundnir sem hafa gott vald á þeim eins og áskilið var í lögum. Fékkst þessu ákvæði breytt í lögreglulögum þannig að nú hindrar það ekki umsækjanda sem talar ensku og t.d. pólsku að hann kann ekki eitt Norðurlandamálanna.

Vegna þess að löggæslan verður sífellt flóknari þarf stéttin á starfskunnáttu fleiri stétta að halda. Sú stund kann að vera nærri að Lögregluskóli ríkisins verði með deild sem útskrifar lögfræðinga, viðskiptafræðinga, kerfisfræðinga og endurskoðendur með samanþjappað nám í lögreglufræðum.

Í almennri umræðu gætir stundum mikillar vanþekkingar um störf og vinnuaðferðir valnefndar Lögregluskóla ríkisins. Er þar skemmst að minnast ótrúlega vitlausrar greinar útivarðstjóra í lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem birtist í Lögreglumanninum fyrir tveimur árum eða svo. Hann leyfði sér þar að birta margar fullyrðingar um störf nefndarinnar og starfsmenn hennar. Öllum fullyrðingum var eitt sameiginlegt, nefnilega það að þær voru allar rangar og ætti frekar að segja kolvitlausar. Það er ekki eitt atriði rétt þar sem hann fjallar um nefndina. Hann kórónaði glópsku sína með því að segja að hann vissi ekki betur en þetta væri satt. Honum datt þó aldrei í hug að kanna hið sanna eins og sómakærum lögreglumönnum ber.

Það virðist auðveldara að muna skammir og fúkyrði en hól og því eru þessar fullyrðingar enn á lífi hjá sumum.

Á þessum tíu árum hafa að meðaltali u.þ.b. 140 – 150 umsækjendur sótt ár hvert um skólann, alls á þessum tíma 1.808 menn og konur. Í skólann hafa verið valdir 313, þar af 65 konur.

Til þess að gefa mönnum hugmynd um hvernig valið fer fram skal gerð grein fyrir ferlinu.

Eftir að umsókn hefur borist er hún skráð í tölvukerfið sem er sérsniðið utan um þessar umsóknir. Þar inn eru færðar allar helstu upplýsingar um umsækjandann, s.s. menntun, störf, reynsla og fleira. Næst er ferill hans í lögreglukerfum skoðaður og sakavottorða aflað og læknisvottorði skilað til trúnaðarlæknis sem metur öll læknisvottorð. Þess skal getið að nefndin fær fullt sakavottorð, skv. leyfi ríkissaksóknara, þ.e. án tímatakmarkana.

Þá er leitað til sumra meðmælenda eða annarra sem þekkja til, einkum og sér í lagi ef nefndin er efins um hæfi viðkomandi. Þessu næst hefjast próf. Miðað við 100 umsækjendur hefur þá 10 verið hafnað strax áður en próf hefjast. Ástæður eru ýmiss konar, brotaferill, menntunarskortur o.fl.

Með gefinni forsendu eru 90 sem hefja próf. Af þeim hópi mæta 10 ekki og láta ekkert af sér vita. Þannig eru það 80 manns sem fara í próf. Algengt er að um 50 – 55 nái prófum og fái þannig rétt til að sýna sig hjá valnefnd.

Hjá nefndinni fá þeir u.þ.b. 20 mínútur. Þar er farið eftir spurningakerfi sem er hannað af sálfræðingum. Það er nauðsynlegt að allir fái sömu grunnspurningarnar en þær greinast síðan tiltölulega fljótlega og geta leitt í allar áttir. Spurningum er breytt annað slagið og reynt er að fá heildarsýn af viðmælandanum sem þarf að tjá sig sjálfur að verulegu leyti og þótt honum sé haldið á ákveðinni braut verða oft mikil frávik sem hægt er

að spyrja frekar um. Það er mikil einföldun að halda að menn viti hvernig á að svara grunnspurningu því alltaf fylgja aðrar í kjölfarið. Hins vegar muna menn best grunnspurningarnar og fáránlegu spurningarnar sem skotið er inn.

Eins og hjá öllum valnefndum sem ég hef kynnt mér eru slík viðtöl tekin, sum lengri og sum styttri. Stundum eru það menntaðir sálfræðingar sem annast þau en þegar á heildina er litið gera þeir ekkert færri mistök en við og stundum jafnvel alvarlegri eins og nú urðu t.d. í Svíþjóð á síðustu árum.

Þetta vinnuferli er ekkert heilagt og við gerum örugglega einhver mistök enda er talið af fagmönnum að öryggi í mannaráðningum sé u.þ.b. 50% en þeir sömu telja að við getum e.t.v. vonast eftir 55 – 60% öryggi vegna góðra vinnubragða. Öll gagnrýni er nefndinni nauðsynleg en hún verður að byggjast á þekkingu en ekki slúðri eða heimatilbúnum fullyrðingum.

Höldum áfram með ferlið. Setjum svo að það eigi að velja 48 í skólann. Þá byrjum við á að taka þá inn sem allir eru sammála um og hæstir eru í prófum, að jafnaði, og síðan eru hinir metnir í smáatriðum og getur þar verið um ágreining að ræða milli manna í einstaka tilfellum og ef einkunn ræður ekki ræður meirihluti nefndarinnar. Raunverulegt val getur því í raun staðið milli 8 – 10 manna eða kvenna í 3 – 5 laus sæti og síðan varamannalista sem oftast er tekið inn af. Varamönnum er ávallt tilkynnt hvar þeir eru í röðinni.

Að sjálfsögðu er hægt að gera mistök þarna eins og við vitum að hafa orðið og við því verður aldrei séð.

Ég fullyrði þó að nefndin hefur sinnt starfi sinum af miklum metnaði og unnið starf sitt vel en eins og áður segir liggur hún vel við höggi. Á norrænum fundum sem ég hef sótt eru allar valnefndir gagnrýndar alveg eins og bílakosturinn og yfirstjórnin.

Ég hef verið formaður þessarar nefndar allan tímann og veit að hún hefur gert margt gott og til að sýna mönnum að viðtalið virkar læt ég hér fylgja blaðafrétt um umsækjanda sem við höfnuðum vegna þess að okkur þótti hann geta verið ofbeldisfullur og skoðanir hans ekki í takt við það sem okkur þótti æskilegur kostur lögreglumanns. Eftir að honum var hafnað um sumarið mátti lesa eftirfarandi í dagblaði í september árið 2006:

...X er gefið að sök að hafa ráðist á manninn, slegið höfði hans við barborðið, gefið honum fjölda hnefahögga, sem og sparka. Eftir það dregið hann á hárinu eftir gólfi staðarins og misþyrmt. Afleiðingarnar urðu þær að maðurinn sem varð fyrir árásinni brotnaði bæði á hrygg og rifi, nefbrotnaði og tognaði á úlnlið ásamt því að hljóta skurði og brotnar tennur...

Þessi umsækjandi kom vel fyrir og var meðal þeirra alhæstu í öllum prófum en viðtalið kom upp um hann.

Á síðasta ári sáum við okkur ekki fært að fylla upp í töluna sem við áttum að velja og var það að hluta vegna þess að við töldum umsækjendur ekki æskilega eða nægilega góða eftir að hafa rætt við þá.

Samband við lögreglumenn, sem láta sig skólann sinn einhverju skipta, hefur aukist og er það okkur mikill akkur og við þökkum fyrir það. Við hvetjum alla lögreglumenn til þess að finna góð lögreglumannsefni og hvetja þau til þess að sækja um skólann á sama hátt og láta okkur vita ef þeir vita af einhverjum óæskilegum sem sækja um skólann.

Öllum nefndarmönnum og aðstoðarmönnum eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.

***Gunnlaugur V. Snævarr,***
***yfirlögregluþjónn***

*Vegna þess að löggæslan verður sífellt flóknari þarf stéttin á starfskunnáttu fleiri stétta að halda. Sú stund kann að vera nærri að Lögregluskóli ríkisins verði með deild sem útskrifar lögfræðinga, viðskiptafræðinga, kerfisfræðinga og endurskoðendur með samanþjappað nám í lögreglufræðum.*


*Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Haki hf.
Þiljuvöllum 10

## Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf.
Grímseyri 11

## Djúpivogur

Salar Islandica ehf
Varða 1

## Höfn

Hornabrauð ehf
Dalbraut 10
Kaffi Hornið ehf
Hafnarbraut 42
Mikael ehf.
Norðurbraut 7
Bílverk
Víkurbraut 4

## Selfoss

Bílaþjónusta Péturs ehf.
Vallholti 17
Borgarhús hf.
Minni-Borg, Grímsnesi
Byggingarfélagið Árborg ehf.
Bankavegi 5
Dýralæknaþjónusta Suðurlands ehf
Stuðlum
Garpar ehf.
Reykjakoti 2, p.hólf 70
Holræsa- og stífluþjónusta suðurlands ehf.
Miðtúni 14
Hópferðabílar Guðmundar Tyrfingssonar
Fossnesi v/ Suðurlandsveg
Jötunn vélar ehf.
Austurvegi 69
Litla kaffistofan ehf
Meindýravarnir Suðurlands ehf.
Gagnheiði 59
Nesey ehf.
Suðurbraut 7
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts
Laugarás 1
Set ehf.
Eyravegi 41
Sýslumaðurinn á Selfossi
Hörðuvöllum 1
Tindaborgir ehf.
Gagnheiði 55

## Hveragerði

Bílaverkstæði Jóhanns Garðarssonar
Austurmörk 13
Eldhestar ehf. - Vellir Ölfusi
Völlum, Ölfusi
Heilsustofnun N.L.F.Í.
Grænumörk 10
Raföld ehf.
Grásteini Ölfusi
Tölvutak ehf
Sunnumörk 2

## Þorlákshöfn

Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6
Sveitarfélagið Ölfus
Ráðhúsinu Hafnarbergi 1

## Laugarvatn

Ásvélar ehf.
Hrísholti 11

## Flúðir

Áhaldahúsið Steðji
Smiðjustíg 2
Flúðaleið ehf.
Vesturbrún 15
Flúðasveppir ehf.
Undirheimum
Gröfutækni ehf.
Smiðjustíg 2

## Hella

Heflun ehf. Verktakaþjónusta
Lyngholti - Ásahreppi
Varahlutaverslun Björns Jóhannssonar
Lyngás 5, Box 1

## Hvolsvöllur

Eining sf.
Gularási
Kjörorka ehf.
Álfhólahjáleigu

## Vestmannaeyjar

Bifreiðaverkstæði Muggs
Strandvegi 65
Bílaverkstæði Sigurjóns
Flötum 20
Eyjavík ehf.
Vestmannabraut 23
Frár ehf.
Hásteinsvegi 49
Pétursey ehf
Flötum 31
Stígandi hf.
Básaskersbryggju 3
Vestmannaeyjabær
Kirkjuvegi 50
Vélaverkstæðið Þór hf.
Norðursundi 9

HÁTÍÐ ER Í BÆ

# Nikon D40x

## „Eins og hugur manns!"

***Nikon D40x*** *hefur fengið frábærar móttökur jafnt meðal áhugamanna um ljósmyndun sem og fagmanna, enda einstaklega vel heppnuð stafræn SLR myndavél.*

***Nikon D40x***

- 10.2 milljón pixla CCD myndflaga
- 3 rammar á sekúndu
- 2,5" LCD skjár
- Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
- ISO 100-1600
- Lokarahraði 30–1/4000
- Innbyggðir aðgerðir til að laga og breyta myndum í vélinni
- i-TTL ljósmælikerfi
- Notar DS minniskort
- Getur notað flestar autofokus linsur fyrir Nikon myndavélar
- Innbyggt flass
- Skór fyrir auka Nikon flass
- Þyngd 495 gr (án linsu og rafhlöðu)

*Verð kr. 99.900,-*




Sláðu rækilega í gegn og settu Nikon D40x í jólapakkann.

## *Frábær vél fyrir byrjendur og lengra komna – með 18-135 mm Nikon DX linsu.*

*Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum*

# ORMSSON



| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL AKRANESI | HRÍSTUR ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | VÍK EGILSSTÖÐUM | VÍK NESKAUPSTAÐ | VÍK REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN SELFOSSI | HÚSAVÍK |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 464 1515 |